Netflix í öldudal

Lífið ➤ 20

Ultraflex sinnir heimilisverkum

Lífið ➤ 22

Netapótek Lyfjavers
lyfjaver.is
LYFJAVER

FRÉTTABLAÐIÐ

147. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FÖSTUDAGUR 22. JÚLÍ 2022

Bæði dýr og menn nýta tækifærið um leið og ský dregur frá sólu til að njóta útivistar. Landsmenn hafa hins vegar fáa blíðviðrisdaga fengið í sumar. Að sögn veðurfræðings eru þó breytingar í kortunum í ágúst með stöðugra sumarveðri á Íslandi en verið hefur í júlí. SJÁ SÍÐU 2

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Áberandi fjölgun sterkefnaðra ferðamanna

Ríkir ferðamenn eru fleiri hér á landi þetta sumarið en áður. Flestir frá Ameríku. Verðlagið á landinu er enda tæpast fyrir millistéttarfólk. Dýrtíðin er áhyggjuefni fyrir ferðaþjónustuna.

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fleiri sterkefnaðir ferðamenn sækja Ísland heim á þessu sumri en áður hefur þekkst. Þetta er samdóma álit fjölda stjórnenda í ferðaþjónustunni, svo og fararstjóra og viðburðastjóra sem Fréttablaðið hefur rætt við síðustu daga.

„Glöggt dæmi um þetta er að kortavelta erlendra ferðamanna er nú meiri en þegar þeir voru flestir fyrir faraldurinn," segir einn úr þessum hópi – og annar bætir því við að „það er ekki bara uppsöfnuð ferðaþörf hjá þessum hópi heldur og uppsöfnuð eyðsluþörf."

Ferðaskipuleggjendur hér innanlands segja efnaða Ameríkana áberandi í þessum hópi. „Fjöldi þeirra hefur verið að ferðast um Evrópu í mánuð eða svo í sumar, en bætir svo einni viku við á Íslandi á heimleiðinni," segir einn reyndasti skipuleggjandinn í ferðum og upplifun ríkra útlendinga hér á landi, en hann skipuleggur allan tíma þeirra hér á landi, „frá því einkaþotudyrnar opnast og þar til þær lokast."

> **Samsetningin í átt að efnameiri ferðamönnum er augljós.**
>
> Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri þyrluþjónustunnar Norðurflugs

Hann segir norðvestanverða Evrópu einkar vinsæla meðal þessara ferðalanga, ekki síst Norðurlöndin, þar sem þeir sæki í fámenni, öryggi og sterka innviði, „umfram áhættumeiri svæði."

Annar viðmælandi bætir því við að afar algengt sé að þessi hópur ferðafólks sé nú tveimur til þremur dögum lengur á landinu en áður hafi þekkst – og eyði eftir því. „Það lætur meira eftir sér, langþreytt eftir pestartímann," útskýrir hann.

Birgir Ómar Haraldsson, framkvæmdastjóri þyrluþjónustunnar Norðurflugs, segir ágætt dæmi um þetta að hann hafi verið að bæta við sig fjórðu þyrlunni, svo mikið sé að gera. „Samsetningin í átt að efnameiri ferðamönnum er augljós," segir hann.

En það sé líka orðin áskorun fyrir íslenska ferðaþjónustu að halda í hefðbundið millitekjufólk sem þrái að ferðast. Verðlagning á Íslandi sé aðeins að verða á færi efnafólks. „Hér borgar fólk 400 dali fyrir næturgistingu á venjulegu meðalhóteli. Það jafngildir lúxusgistingu í Bandaríkjunum," segir Birgir Ómar og óttast áhrifin af dýrtíðinni á ferðaþjónustu til frambúðar. ■

Eclipse Cross PHEV 4x4
Förum saman út í bláinn!
Eclipse Cross PHEV getur **dregið 1.5 tonn,** er með lyklalausu aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörun, akreinavara o.fl. Verð frá **6.390.000 kr.**
Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is

Bændur gætu átt erfitt með að ná í dýralækni nú yfir hásumarið.

Dýralæknar fást ekki á bakvaktir

ser@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Engir dýralæknar fást á bakvakt nú um hásumarið á suðaustanverðu landinu, allt frá Djúpavogi og suður að sveitarfélaginu Hornafirði sem teygir jarðir sínar vestur í Öræfi.

Skylt er að manna bakvaktir dýralækna til að að tryggja velferð dýra.

Að því er fram kemur á vef Matvælastofnunar ber héraðsdýralæknum að manna bakvaktir dýralækna á sínum svæðum til að tryggja velferð dýra og almenna þjónustu við dýraeigendur, en slíkur er nú skorturinn á fagfólki í greininni að ekki tekst að uppfylla vaktskyldu á umræddu svæði á næstu dögum. ■

Íþróttin fagra

Fótboltamótið ReyCup stendur fram til sunnudags í Laugardalnum en á mótinu koma saman unglingar á aldrinum 13-16 ára víðs vegar að úr heiminum til að spila íþróttina fögru. Flest íslensk fótboltafélög taka þátt, auk margra erlendra liða, þar á meðal Fulham og Stoke City frá Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Reykvíkingar geta vonandi sólað sig oftar á Austurvelli í ágústmánuði.

Lægðalestin yfir landinu fer að hiksta

ser@frettabladid.is

VEÐUR Þrálát hæð suður í höfum hefur þröngvað hverri lægðinni af annarri yfir Ísland það sem af er júlímánuði, en Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir að hæðin sú arna muni gefa eftir í ágúst, sem séu góðar fréttir fyrir Íslendinga.

Háþrýstisvæði á hafsvæðinu vestur af Bretlandseyjum séu algeng, en hafi verið óvenjulega þaulsætin þar um slóðir á síðustu vikum, með þeim afleiðingum að tíðin hafi verið rysjótt á Íslandi.

En breytingar séu í kortunum í ágúst með stöðugra sumarveðri á Íslandi en verið hefur í júlí. ■

Delavelle-hjónin heilluð af óttalausum fuglum á Íslandi

Frönsku hjónin Sigride og Jean-Luc Delavelle luku fimmtán daga ferð sinni um Ísland í Laugardalnum í gær. Náttúran og fuglalífið snart þau djúpt.

gar@frettabladid.is

FERÐAMENN „Þetta hefur verið dásamlegt," segir Sigride Delavelle frá Frakklandi einlæglega um dvöl sína og eiginmannsins Jean-Luc hér á Íslandi.

Jean-Luc og Sigride búa í Lille í Frakklandi en komu til Íslands fyrir hálfum mánuði og hafa verið á faraldsfæti síðan. Þau vildu glöð deila ferðasögu sinni með útsendurum Fréttablaðsins sem rákust á hjónin á tjaldstæðinu í Laugardal í gær. Þau afsökuðu litla enskukunnáttu. Sigride dró fram Íslandskort og breiddi úr því á litlu borði.

„Við fórum fyrst hingað," segir Sigride og setur fingurinn á þjóðgarðinn á Þingvöllum áður en hún dregur hann að Gullfossi. „Svo fórum við hingað," bætir hún við og fingurinn er kominn út í Vestmannaeyjar. Augljóst er á þeim hjónum að það var áhrifarík heimsókn.

För þeirra lá síðan til Víkur í Mýrdal. „Við stoppuðum nú bara eina nótt þar," svarar Jean-Luc spurður hvernig þeim hafi litist á sig í Vík. „Það rigndi svo svakalega mikið," bætir hann við og hjónin brosa afsakandi.

Frakkarnir héldu áfram ferð sinni um Suðurland. Þau gistu nokkrar nætur í þjóðgarðinum í Skaftafelli og gengu þar um náttúruna og óku síðar á ferðabíl sínum austur að Jökulsárlóni sem einmitt var á sérstakri mynd á landakortinu.

Sigride er kennari í heimabæ sínum og Jean-Luc er fuglafræðingur og kveðst starfa mikið með ungu fólki og fræða það um fugla úti í náttúrunni. Og nú dregur Jean-Luc fram bók og tekur að benda á ýmsar tegundir sem hann hefur ekki séð í heimalandi sínu nema kannski í mýflugumynd er þeir stoppa í nokkra klukkutíma á leið sinni sunnan að og norður að Íslandsströndum.

Jean-Luc og Sigride Delavelle ljómuðu af ánægju á tjaldstæðinu í Laugardal við lok fyrstu ferðar sinnar um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fuglarnir hér eru svo spakir og óttalausir. Í Frakklandi eru veiðimenn á hverju strái.

Jean-Luc Delavelle

„Fuglarnir hér eru svo spakir og óttalausir. Í Frakklandi eru veiðimenn á hverju strái," útskýrir Jean-Luc og hermir eftir manni að skjóta úr byssu. Hann bendir síðan á mynd af hrossagauki sem hann segist hafa séð og ekki síst heyrt í hér á Íslandi. „Það er magnaður fugl," segir hann og gefur frá sér hið einkennandi hljóð sem hrossagaukar mynda með stélfjöðrum sínum á steypiflugi.

Sigride og Jean-Luc sneru aftur frá Jökulsárlóni og óku þá rakleitt á Snæfellsnes þar sem þau vörðu nokkrum dögum og segja þá standa upp úr á ferðalaginu. „Þar var ótrúlega fallegt," eru þau hjónin sammála um.

Þessari Íslandsferð hjónanna frá Lille, sem var sú fyrsta, lauk í gærkvöldi. En kannski snúa þau aftur síðar. „Það ætla ég rétt að vona," svarar Sigride að minnsta kosti er þau hjónin stilla sér upp fyrir myndatöku. ■

SUBARU

Confidence in Motion

SUBARU **FORESTER**

TILBÚINN Í ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

SUBARU e-BOXER

Nýja kynslóðin af e-BOXER vél SUBARU sameinar BOXER-vél og rafmótor fyrir sportlegan akstur í hljóðlátu og þægilegu farþegarými án óæskilegs hávaða og titrings, jafnvel þegar ekið er á ójöfnum vegum. Hann er stöðugur í beygjum, þrátt fyrir jeppahæðina, auk þess að vera vandlega þróaður til að draga úr þreytu á lengri ferðalögum til að allir geti notið ánægjulegrar akstursupplifunar. Komdu og reynsluaktu nýjum Forester e-BOXER í dag.

SUBARU FORESTER e-BOXER, 4x4, SJÁLFSKIPTUR
Verð frá: 7.490.000 kr.

Til afhendingar strax

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

EyeSight Driver Assist Technology

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.subaru.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM011498

Demantshringurinn á Norðausturlandi hefur slegið í gegn

ser@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Erlendir ferðamenn á Norðurlandi eru farnir að láta sjá sig í sama mæli og fyrir tíma heimsfaraldursins, að sögn Aðalheiðar Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands.

„Þetta er bara frábært, viðspyrnan er það góð," bætir hún við og segir greinilegt að uppbygging ferðamannastaða í landshlutanum sé að skila sér í umtali og orðspori út fyrir landsteinana og nefnir þar til sögunnar Demantshringinn um Mývatn, Dettifoss, Hljóðakletta, Ásbyrgi og Húsavík, en uppbyggður og malbikaður vegur tengir nú loksins þessar kunnu náttúruperlur.

„Umferðin á þessum slóðum hefur aukist til muna," segir Aðalheiður og nefnir svo annan ferðamöguleika til sögunnar. „En þar á ég við Norðurstrandarleiðina, sem við höfum markaðssett sérstaklega á undanförnum misserum, en þar keyra menn utan alfaraleiðar um strandvegina alla sem hlykkjast frá Hvammstanga í vestri að Bakkafirði í eystri, fyrir annes og inn með víkum og fjörðum."

Aðalheiður segir þessa vegferð vekja sérstaka athygli þeirra ferðamanna, erlendra og íslenskra, sem vilji ferðast hægt í fámenni. „Þessi ferðaupplifun, að njóta fremur en þjóta í náttúrukyrrðinni sem er ekki uppfull af öðrum ferðamönnum, er að verða æ vinsælli," segir hún.

Dettifoss er á meðal áfangastaða á Demantshringnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Aðalheiður segir haustið líta mjög vel út í bókunum og á von á enn meira ferðaári næsta sumar þegar þýska flugfélagið Condor hefur áætlunarflug á milli Frankfurt og Akureyrar og Egilsstaða frá maí fram í október. Einnig megi búast við fjölda breskra ferðamanna gangi reglubundið flug á vegum Niceair til og frá Lundúnum eftir, en félagið leitar nú leiða til að fá flugheimildir milli London og Akureyrar. ■

Enn liggja margir inni með Covid

birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Í gær lágu 23 einstaklingar með Covid-19 á Landspítala. Einn var í öndunarvél á gjörgæsludeild.

Frá því fyrsta smit Covid greindist hér á landi þann 28. febrúar árið 2020 til dagsins í gær höfðu 1.598 einstaklingar legið á Landspítala með sjúkdóminn. Þar af höfðu 142 legið á gjörgæslu og 77 þeirra þurft á aðstoð öndunarvélar að halda.

75 einstaklingar með Covid-19 höfðu í gær látist á sjúkrahúsinu frá upphafi faraldursins hér á landi. ■

Þrettán nýir deildarforsetar tóku til starfa 1. júlí síðastliðinn.

Tvær deildir í HÍ fengið ný nöfn

birnadrofn@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Tvær deildir Háskóla Íslands hafa fengið ný nöfn og heitir Hjúkrunarfræðideild nú Hjúkrunar- og ljósmóðurdeild. Þá kallast deildin sem áður var Sagnfræði- og heimspekideild nú Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Þrettán nýir deildarforsetar tóku til starfa við Háskóla Íslands 1. júlí auk nýs forseta Heilbrigðisvísindasviðs, Unnar Þorsteinsdóttur. ■

Vilji sé til að bæta samkeppnishæfni

Ferða-, viðskipta- og menningarmálaráðherra segist vera hlynntur því að gera breytingar til að stuðla að aukinni samkeppnishæfni. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að grípa þurfi til aðgerða ef ekki eigi illa að fara.

magdalena@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Íslendingar reka lestina í samanburði við Norðurlöndin þegar kemur að samkeppnishæfni. Ísland er í 16. sæti í úttekt IMD-viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni ríkja.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir það vera mikil vonbrigði hversu aftarlega á merinni við séum þegar kemur að samkeppnishæfni. Það komi bersýnilega í ljós í mælingum á samkeppnishæfni á hverju einasta ári að Ísland sé að dragast aftur úr.

„Við erum ekki bara eftirbátur Norðurlanda heldur margra ríkja innan OECD. Það þarf að einfalda fólki og fyrirtækjum að hefja rekstur og skapa verðmæti og störf. Við sjáum þetta meðal annars í áformum til lagasetningar á þingi til að takmarka erlendar fjárfestingar," segi Halldór og bætir við að Samtök atvinnulífsins hafi lengi talað um að það verði að einfalda regluverk og gera fyrirtækjum og fólki auðveldara fyrir.

„Við erum að flækja undirstöðu verðmætasköpunar alltof mikið og það þarf að stíga af krafti inn í þessa þróun ef ekki á illa að fara."

Lilja Alfreðsdóttir, ferða-, viðskipta- og menningarmálaráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að



Ísland er í 16. sæti í úttekt IMD-viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni ríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Samkeppnishæfni skiptir öllu máli til þess að auka lífskjör ríkja.

Lilja Alfreðsdóttir, ferða-, viðskipta- og menningarmálaráðherra

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

vilji sé, af hennar hálfu, til að bæta þessa stöðu. „Samkeppnishæfni skiptir öllu máli til þess að auka lífskjör ríkja. Við þurfum alltaf að vera á tánum varðandi samkeppnishæfni og við sjáum að við getum bætt nokkra þætti hjá okkur í þessum efnum," segir Lilja og nefnir í því samhengi erlenda fjárfestingu.

„Við þurfum að skýra það umhverfi enn frekar. Ég er mjög hlynnt erlendri fjárfestingu í þjónustu og framleiðslu, en hins vegar þurfum við að fara varlega varðandi auðlinda- og innviðakerfin okkar."

Lilja bætir við að við séum sterk hvað varðar samfélagslega innviði. Við séum aftur á móti að sjá afturför í alþjóðaviðskiptum og alþjóðlegri fjárfestingu. „Við erum um þessar mundir að vinna með Kauphöllinni til þess að skoða möguleikana til að auka erlenda fjárfestingu hér á landi og stuðla að góðu aðgengi fyrirtækja að erlendu fjármagni."

Hún segir jafnframt að mikilvægt sé að auka aðgengi fyrirtækja hér á landi að erlendum sérfræðingum. „Í þeim málum vil ég horfa til Kanada. Þeir hafa gjörbylt kerfinu sínu. Áður tók sex mánuði hjá þeim að afgreiða umsóknir um atvinnuleyfi. Nú tekur það aðeins 10 daga. Við þurfum að skoða breytingar í þessum efnum." ■

Hækkun á hveiti haft mikil áhrif

magdalena@frettabladid.is

NEYTENDAMÁL Sigurður Már Guðjónsson, formaður Landssambands bakarameistara og framkvæmdastjóri Bernhöftsbakarís, segir í viðtali við Fréttablaðið að hækkun á hveiti hafi haft mikil áhrif á bakarameistara.

„Þetta er stærsta einstaka hráefnið sem við kaupum. Eftir innrásina í Úkraínu hefur þetta hækkað um tugi prósenta og eins og gefur að skilja hefur það haft mikil áhrif á okkar starfsemi í þessum geira," segir Sigurður og bætir við að farið hafi verið að örla á hveitiskorti um tíma.

„Margir fóru þess vegna að kaupa aðrar tegundir af hveiti sem þeir hafa ekki verið að kaupa áður þannig að erfitt er þess vegna að bera saman verð.

Sumar heildsölur hafa þó séð

> Eftir innrásina í Úkraínu hefur þetta hækkað um tugi prósenta og eins og gefur að skilja hefur það haft mikil áhrif á okkar starfsemi.

Sigurður Már Guðjónsson, formaður Landssambands bakarameistara

tugprósenta hækkanir. Aðrir vilja meina að staðan sé að batna að hluta til."

Sigurður bætir við að ýmislegt bendi til að staðan geti verið að skána þó erfitt sé að fullyrða um það.

„Það var frétt frá Þýskalandi í gær þar sem kom fram að þrátt fyrir þennan mikla hita þá verði uppskeran nokkuð góð. Það eru virkilega jákvæðar fréttir því uppskerubrestur leiðir sjálfkrafa til mikilla hækkana ofan í þetta."

Sigurður segir að hljóðið í bökurum sé misjafnt. Sumir séu bjartsýnir á að staðan muni skána meðan aðrir eru svartsýnir.

„Sumir heildsalar vilja meina að verðið muni ekki lækka á næstunni meðan aðrir telja að það muni lækka í haust. Það er einfaldlega of snemmt að segja til um það en við munum vita það innan tíðar." ■

Meira grill og góðgæti

HAGKAUP

Tilboð gilda út 24. júlí

Lambakótilettur Smjör- eða trufflumarineraðar

4.499 kr/kg

Kryddlegin kjúklingalæri með legg

Verð áður 1.899

1.614 kr/kg

Lamba ribeye í Black Garlic marineringu

Verð áður 5.499

4.399 kr/kg

BAKARÍIÐ

Gómsæt brauðsalöt

599 kr/pk

BAKARÍIÐ

Súrdeigsbrauð, steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð

999 kr/stk

VEGAN

Abe´s vegan muffins

verð frá **499** kr/pk

Aðalsteinn segir kerfið hafa sigrað fólkið í landinu

bth@frettabladid.is

HÚSAVÍK Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagsins Framsýnar, segir að ítök stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna og samband þeirra við ráðandi öfl í stjórnmálalífinu fylli hann vonleysi. Hann sjái ekki betur en að kerfið hafi sigrað fólkið í landinu.

Uppkaup Síldarvinnslunnar á Vísi í Grindavík hafa valdið miklum kurr. Óttast Suðurnesjamenn nú að störf í héraði tengd veiðum og vinnslu hverfi burt. Aðalsteinn minnir á að fyrir tuttugu árum hafi Vísir keypt 45 prósenta hlut í sjávarútvegsgeiranum á Húsavík. Öllu fögru hafi verið lofað um að störfum á Húsavík yrði fjölgað fremur en hitt. Á annað hundrað manns hafi þá starfað við landvinnslu.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar

Tíu árum síðar hafi fiskvinnslufólki á Húsavík verið tilkynnt að það gæti annað hvort tekið pokann sinn eða flust nauðungarflutningum með strætó suður með sjó. Sjávarútvegur á Húsavík hafi ekki borið sitt barr eftir yfirráð Vísis, enda hafi almenningur sífellt minna og minna um það að segja hvernig störfum í sjávarútvegi sé háttað.

„Kerfið er ónýtt. Maður fyllist eiginlega vonleysi," segir Aðalsteinn.

Þá gagnrýnir Aðalsteinn að sami stjórnmálamaður og áður hafi gagnrýnt tilfærslu á aflaheimildum frá Suðurnesjum selji nú sjálfur sinn hlut í Vísi og hagnist um marga milljarða. Á hann þar við Pál Jóhann Pálsson, fyrrverandi þingmann Framsóknarflokksins og bæjarfulltrúa. Páll og eiginkona hans, Guðmunda Kristjánsdóttir, fá á fjórða milljarð króna í eigin vasa fyrir söluna til Síldarvinnslunnar sem er að hluta í eigu Samherja.

Rætt var við Aðalstein á Húsavík á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gærkvöldi. Fréttablaðið og Hringbraut eru á ferð um Ísland og munu miðla efni frá ýmsum landshornum næstu daga. ■

Sögulegt forsetakjör

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, fagnar verðandi forseta landsins, Draupadi Murmu, í Nýju-Delí eftir að hún hafði unnið sigur gegn Yashwant Sinha í forsetakjöri í gær. Hin 64 ára gamla Murmu, er fyrst meðlima Schedule ættbálksins til að verða forseti og æðsti stjórnandi herafla Indlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lýsa eigi afdrifum vöggustofubarna

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ný nefnd á vegum Reykjavíkur á að kanna starfsemi vöggustofu að Hlíðarenda og Vöggustofu Thorvaldsensfélagsins. Gerð hefur verið sú breyting á áður áformuðu verksviði nefndarinnar að auk þess að kanna starfsemina sjálfa er nú tekið fram að lýsa eigi afdrifum vöggustofubarnanna eftir að dvöl þeirra lauk. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Kjartan Björgvinsson héraðsdómari verður formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn eru Urður Njarðvík, prófessor í barnasálfræði, og Ellý Alda Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi. ■

Brexit kom í veg fyrir komu Ísraelsmanna til Egilsstaða

Bretar fara langverst allra þjóða út úr röskunum á flugvöllum vegna útgöngu úr Evrópusambandinu, að sögn hóteleiganda. Ferð felld niður til Íslands og viðbúið að frekari raskanir muni hafa áhrif á innlenda ferðaþjónustu.

bth@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Fjöldi hótela og annarra fyrirtækja í ferðaþjónustu hér á landi varð af viðskiptum þegar stór hópur frá Ísrael sem hafði pantað þjónustu með löngum fyrirvara skilaði sér ekki til landsins í vikunni. Hópurinn flaug frá Ísrael til London þar sem átti að millilenda á leið til Íslands en vélinni var snúið til baka fyrir lendingu aftur til Ísrael og öll ferðin til Íslands felld niður.

Þráinn Lárusson, eigandi Hótels Hallormsstaðar, segir að hótelið hafi átt von á 20 manns úr þessum hópi, tólf herbergi hafi verið frátekin fyrir ísraelsku ferðamennina.

„Þetta ástand er Brexit að kenna. Bretar eru að fara langverst út úr þessu ástandi sem skapast hefur. Það hefur verið aflýst 1.500 flugum bara hjá British Airways. Nú gjöldum við fyrir þetta líka," segir Þráinn.

Ófremdarástand hefur skapast á flugvöllum víða um heim síðustu vikur. Álag sem tengist undirmönnun er víða en alverst er ástandið sagt í London. Ferðamenn til Íslands hafa þó skilað sér að sögn Þráins þrátt fyrir seinkanir, það er nýtt að ferð sé aflýst. Þráinn segist smeykur um að fleiri afbókanir geti fylgt síðar í sumar.

„Hér er allt gistirými upppantað núna," segir Þráinn. „Það hefur verið haft á orði að Austurland sé uppselt þannig að fæstir láta sig dreyma um að hægt sé að bóka herbergi á þessum árstíma án fyrirvara," segir hann um möguleikana á því að nýta herbergin.

Þráinn Lárusson eigandi Hótels Hallormstaðar, átti von á tuttugu ferðamönnum frá Ísrael og hafði tekið frá tólf herbergi. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN

> Ég hef óttast það lengi að þessar raskanir í flugi myndu bitna á okkur.
>
> Þráinn Lárusson, eigandi Hótels Hallormsstaðar

Þráinn segist þó að hluta tryggður fyrir tjóninu. Þegar ferð sé aflýst með svo stuttum fyrirvara gildi alþjóðlegir bókunarskilmálar.

„Ég hef óttast lengi að þessar raskanir í flugi myndu bitna á okkur. Áhrifin hafa það sem af er verið minni en ég átti von á en það er hreyfing á hlutunum," segir Þráinn og bendir á dóminóáhrif í vandræðagangi sem geti skapast ef koma ferðalangs tefst um einn dag á háannatíma. ■

ICEWEAR ICELAND
JÖKULL hettupeysa Kr. 9.990.-
LANGJÖKULL ullarjakki 28.990 Kr.
HVÍTANES Merínó ennisband Kr. 2.990.-
HVÍTANES Merínó hálsklútur Kr. 4.990.-
HVÍTANES Merino peysa Kr. 13.990.-
DÖGG regnjakki Kr. 11.990.-
Þín útivist - þín ánægja
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND
GRÍMSEY hanskar Kr. 2.990.-
BRIMNES meðalþykkir göngusokkar Kr. 2.150.-
HENGILL Ullareinangraðar buxur Kr. 22.990
HVÍTANES merino buxur Kr. 11.990.-
Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

- Aukin mýkt við ökkla
- Gore-Tex filma, 100% vatnsvörn
- 2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
- Dempun
- IMS: Kerfi sem gefur aukna mýkt niður í sólann
- AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
- Náttúruvænt hágæða leður, LWG vottað
- Reimalæsing, sitthvor stillingin fyrir rist og ökkla
- Rúllukefli sem heldur jafnri spennu á reimum
- 2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
- Custom fit innlegg
- Vibram sóli

Stingum af...

AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.

AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Funheitt loft af himnum ofan

Þorgrímur Kári Snævarr
thorgrimur@frettabladid.is

Hitabylgja sem hefur slegið hvert hitametið á fætur öðru í Evrópu og kveikt fjölda gróðurelda undanfarið hefur vart farið fram hjá neinum. Veðurfræðingar segja loftslagsbreytingar óneitanlega eiga þátt í þessum mikla hita en telja þó ekki að um nýtt, viðvarandi ástand sé að ræða.

VEÐUR Hitabylgjan sem nú gengur yfir Evrópu er að sögn veðurfræðings ættuð frá Norður-Afríku eða vestanverðu Miðjarðarhafi. „Í fyrsta lagi verður til bóla af heitu lofti einhvers staðar yfir Norður-Afríku eða vestanverðu Miðjarðarhafi eða þar um slóðir," segir veðurfræðingurinn Einar Sveinbjörnsson.

„Þessi heita loftblaðra berst síðan til norðurs og norðausturs og veldur fyrst miklum hitum í Portúgal og Spáni, svo Frakklandi daginn þar á eftir og í fyrradag náði hún síðan til Englands. Í gær hélt hún áfram til austurs og það dregur aðeins úr vægi og mætti hennar. Hún heldur áfram til Þýskalands, Danmerkur, Suður-Svíþjóðar og Póllands."

Einar segir að háloftalægð vestan við Portúgal hafi grafið sig niður og átt þannig þátt í að ýta bólunni niður frá eðlilegum heimkynnum sínum yfir Norður-Afríku. Heitasta loftið sé ekki við yfirborðið heldur í 1.000 til 3.000 metra hæð.

„Við sjáum það gjarnan hér á landi þegar hlýtt loft fer yfir að það heldur sig uppi. Við erum alltaf í sjávarsvalanum og heita loftið vinkar okkur bara ofan af hæð."

Gusur af ofsaheitu lofti

Ástandinu í Evrópu líkir Einar við hitabylgjuna í Bresku Kólumbíu í fyrra þar sem bærinn Lytton fuðraði nánast upp í hita sem jaðraði við fimmtíu gráður.

„Kraftar sem verka á hlýja loftið ná að beina því niður. Þegar maður er með lofthita í 1.500 metra hæð sem er 23 til 25 gráður getur það hlýnað um eina gráðu fyrir hverja hundrað metra sem það er þvingað niður. Og þú getur reiknað hvað kemur út úr því reikningsdæmi."

Einar segir aðstæður hafa verið með svipuðu móti þar sem hitamet voru slegin í Coningsby í Lincolnskíri á Englandi.

„Þar náði hlýja loftið alla leið niður. Kannski átti landslagið þar í kring einhvern þátt í því."

Að sögn Einars eru hitabylgjur undanfarinna ára svæsnari en sést hefur á síðustu öld. „Bretar eru gjarnan með í baksýnisspeglinum hitabylgju sem var 1976, en hún kemst ekki einu sinni á topp 10 lengur. Hún var líka annars eðlis. Það voru mikil hlýindi sem vörðu í langan tíma, þrjár vikur. En það varð kannski ekki ofsaheitt samfara því. Það voru sett einhver hitamet, en síðan þá hafa menn fengið yfir sig svona gusur af ofsaheitu lofti sem hefur náð niður."

Einar bendir á að með hlýrra loftslagi megi reikna með því að hitabylgjur á borð við þessa verði algengari á heittempruðum svæðum. Þó verði ekki um að ræða viðvarandi ástand heldur sveiflukenndar hitabylgjutíðir.

„Það sem er líklegt er að ofsahitar slái sér niður næsta sumar en það er ekkert víst að það verði á sömu stöðum og nú. Það gæti orðið í Bandaríkjunum, Mongólíu, Kína eða á Kyrrahafi. Það er ómögulegt að segja. Þess vegna hjá okkur, þótt ég telji litlar líkur á því. Hlýindin eru að slá sér annars staðar niður og hringrás veðurkerfanna er með öðrum hætti en í fyrra. Þessi breytileiki í veðráttunni verður áfram til staðar, jafnvel með hlýnandi loftslagi. Evrópubúar hætta ekkert að fá áfram misjöfn sumur."

> Ég er ekki hrifinn af því að ala á hræðslu í kringum þetta.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

Forðast beri oftúlkanir

Víða hefur verið litið til hnattrænnar hlýnunar vegna loftslagsbreytinga sem skýringar á þessum mikla hita. Einar segir þó óvarlegt að tengja einn atburð við loftslagsbreytingar og mælir með heildstæðri nálgun. „En í ljósi þess að miklir hitar eru að verða algengir og koma æ oftar fyrir á síðustu tuttugu, þrjátíu árum, verður að horfa á þetta saman sem óyggjandi birtingarmynd loftslagsbreytinga. Við getum alveg horft til þess að svona atburðir hefðu getað gerst áður, en það er alveg klárt að það hefði ekki orðið svona ofboðslega heitt."

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur tekur í sama streng. „Fólki finnst eins og hlýnun jarðar sé að valda þessu, og það er auðvitað rétt. En við megum ekki gleyma því að það hefur verið hlýtt mörgum sinnum í gegnum árþúsundin og milljónirnar, miklu hlýrra en þetta. Mér finnst stundum allt jaðra við oftúlkun og fólk vera sett í þá stöðu að það fær samviskubit yfir öllu sem það gerir sem tengist hlýnun jarðar. Vissulega þurfa ríki að sporna við öllum öfgum í brennslu á kolefnasamböndum eða kolvetnum og svoleiðis. En ég er ekki hrifinn af því að ala á hræðslu í kringum þetta. Þetta ræðst svo mikið af því hvaða leiðir loft kemst í háloftunum og hvar bylgjurnar lenda."

Óstjórnleg hitabylgja steikir Evrópu

Banvæn hitabylgja í Vestur-Evrópu hefur náð alla leið norður til Bretlands og hefur stuðlað að skaðlegum gróðureldum í Frakklandi, Spáni og Portúgal.



Heimild: BBC, CNA, AP, EFFIS Upplýsingar: Kl. 09:00 á staðartíma Greenwich, 19. júlí Myndir: EFFIS © GRAPHIC NEWS

Gróðureldar hafa kviknað um allan Spán vegna ofsahitans. Hér stígur reykur upp frá Valdepeñas de la Sierra, en þaðan hefur þurft að forða meira en hundrað manns. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> Við erum alltaf í sjávarsvalanum og heita loftið vinkar okkur bara ofan af hæð.

Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur

Stefnan á Austur-Evrópu

Sigurður segir þó að líta beri hitann alvarlegum augum. Það hafi komið honum á óvart hve mikill hann varð, sér í lagi í Bretlandi.

„Bretland er auðvitað eyja með aðgang að sjó, svo það kom mér á óvart hvað hitabylgjan hefur náð hátt á stöðum þar sem maður átti ekki von á að þeir gætu farið svona. Við erum að slá met í Bretlandi, nokkur sama dag."

Að sögn Sigurðar er hitabylgjan í rénun í Vestur-Evrópu. „Raunar eru það Pólland og löndin á Balkanskaganum sem eru í mestu hitunum. Ferðir svona bylgju ráðast af þrýstilandslaginu í háloftunum og hæðin þarna fyrir vestan Evrópu hefur þvingað þessa bylgju svolítið til austurs." ■

Í svalalokum erum við betri

Þú nýtur sólarinnar á öllum tímum árs með svalalokum frá Aðalgleri.

Aðalgler ehf

Aðalgler ehf.
Skeiðarás 10
210 Garðabæ

www.adalgler.is
Sími: 888-GLER (4537)
Netfang: adalgler@adalgler.is

Hægeldað kjöt

Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Um tíma fór maður vart í matarboð án þess að verða fyrir barðinu á ástríðufullum umræðum um hægeldað kjöt. Merkilegur tími. Það gafst eiginlega ekki tóm til að ræða neitt annað.

Hver reynslusagan rak aðra og maður fylltist aðdáun yfir öllum þessum fullmótuðu skoðunum á efninu.

Ég sökkti mér ekki sérlega djúpt í þetta en ef ég man rétt þá felst snilldin í því að reka rafstaut ofan í bala fullan af vatni. Þar sem fyrir er hrátt kjöt í lofttæmdum poka.

Og nú koma töfrarnir. Stauturinn hækkar hitastigið svo löturhægt í átt að suðu að kjötið fattar ekki að það er verið að elda það. Þessa meintu snilld hef ég reyndar aldrei skilið en hvað um það.

Mér finnst alltaf best að líkja þessu við manninn sem situr grunlaus að snæðingi í Perlunni, en fattar svo allt í einu að hann hefur snúist í hálfhring og Vatnsmýrin er horfin. Þannig virka hægfara breytingar. Þetta skilja allir.

En svo kemur það sem er svo skrítið. Það er eins og allir missi áhugann á þessum kröftum hækkandi hitastigs í öðru mun mikilvægara samhengi. Það samhengi heitir hlýnun jarðar.

Sömu kraftar. Sama lögmál. Nema, í tilfelli loftslagsbreytinga erum við bæði kjötið í pokanum og stauturinn sem stýrir hitanum. Allt ferlið er á okkar valdi. Við sitjum í súpunni. Bókstaflega.

Kannski finnst okkur of erfitt að tala um þetta. Sumir kjósa meira að segja að afneita þessu. En staðreyndin er samt sú að þetta er ekki eitthvað mál sem getur beðið þangað til við orkum að takast á við það.

Það ganga yfir okkur krampabylgjur. Hiti yfir fjörutíu gráðum. Skógareldar um allar jarðir og stórfljót að þorna upp. Rafstauturinn er löngu farinn að bíta og hann bítur fast. Samt höldum við áfram að spæna upp kjarnhitann.

Eða erum við kannski komin að ákveðnum krossgötum í þessu ástar- og haturssambandi okkar á hægeldun? Nú þegar viðvaranir okkar fremstu vísindamanna eru farnar að rætast.

Ef það er raunin þá stöndum við í raun frammi fyrir tveimur kostum.

Við getum dregið hraðar úr losun og gripið strax til aðgerða. Við þurfum bara að vakna.

Svo er það hinn kosturinn. Við getum líka setið hérna áfram í balanum. Eins og hægeldað kjöt í poka. Kvartandi yfir kjarnhitanum sem við sjálf stjórnum.

Spurningin er í raun hvort við elskum hægeldunina nógu mikið til að sjóða okkur sjálf. ■

> Það er eins og allir missi áhugann á þessum kröftum hækkandi hitastigs í öðru mun mikilvægara samhengi. Það samhengi heitir hlýnun jarðar.

Halldór

Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Vonbrigðin
Landsmenn eru nú í óðaönn að búa sig undir vonbrigði næstu viku, en þau hverfast eins og fyrri árin um það hversu erfitt verður að tjalda um verslunarmannahelgina og taka seglið saman í lokin, ef það er þá yfirleitt mögulegt. Allt saman minnir þetta eyjarskeggjana á að rigningin á Íslandi er ekki einasta mæld í millimetrum heldur líka í gráðum, það er að segja hvað vatnsveðrið hallar mikið í átt að fangi ferðamannsins, en þar ræður fjölbreytnin ein, allt frá því að úrfellið komi skáhallt að ofan á bringu manns, slepjan dembist lárétt í kviðinn, ellegar að hraglandinn feykist upp undir mann allan.

Einnota
Það er af þessum sökum sem Íslendingar – og líklega einir þjóða – kaupa sér að jafnaði einnota tjöld til að dvelja í um umrædda helgi. Það hættir enginn ránýrum og margnota tjöldum inn í ofsaveðrið sem geisar alla jafna um helgina sem verslunarmenn eru einir við í vinnu, heldur er bara farið inn á næstu bensínstöð til að hafa þaðan með sér illa saumað seglið sem dugar kannski eina nótt eða tvær áður en flúið er inn í næsta íþróttahús þar sem fjöldahjálparstöð hefur verið opnuð með þjónustu sérfræðinga í áfallastreituröskun. ■

Frá Álfaskeiði til Oregon

Freyr Ólafsson
formaður Frjálsíþróttasambands Íslands

> Frá þessari hátíð heimamanna á Álfaskeiði gengur þannig slík íþróttabylgja að enn lifir 80 árum síðar!

Það er mitt sumar og milt veður. Fólk safnast saman, fagnar fríinu. Grasið dúar undan fótum unga fólksins. Eftirvænting í lofti. Fremstu íþróttamenn landsins að mæta.

Sumarið er 1942. Úti í Evrópu er stríð, en í Hreppum er friður. Uppgangur. Áður óþekkt tækifæri. Ungmennafélag Hrunamanna hefur undirbúið völlinn á Álfaskeiði í Langholtsfjalli. Það fer kliður um hópinn þegar hinn fjaðurmagnaði Torfi Bryngeirsson skokkar inn á völlinn, Skúli Guðmundsson sveiflar löngum leggjum, heljarmennið Gunnar Huseby hitar sig upp með því að sippa af léttleika og hraða sem sjálf Katrín Tanja væri kát með.

Heimamenn tefla fram sínu fremsta fólki, en það á ekki roð í gestina, í brekkunni tala menn um að þeir séu með þeim bestu í heimi, við Íslendingar getum!

Unga fólkið fer heim að móti loknu innblásið af kraftinum sem kempurnar gáfu. Heima eru grafnar gryfjur, áhöld keypt, spjótum kastað, hlaupið um holt og móa.

Það sem enn meira máli skiptir, leiðtogar stíga fram, félög eflast, æfingum fjölgar. Frá þessari hátíð heimamanna á Álfaskeiði gengur þannig slík íþróttabylgja að enn lifir 80 árum síðar!

Grípum tækifærin
Það er mitt sumar og milt veður. Fólk fagnar fríinu.

Í dag getum við á mjúkri þúfu í hvaða hreppi sem er, horft í símanum á heimsins besta íþróttafólk etja kappi í heiðarlegri keppni, hvort sem það eru stelpurnar okkar á Englandi, eða heimsins fremstu frjálsíþróttamenn sem nú keppa á HM í Oregon.

Í dag er okkar að njóta íþróttanna, hrifast af hetjunum, takast á loft undir einstakri lýsingu snillingsins Sigurbjörns Árna, en þegar við lendum aftur er okkar sjálfra að taka til höndum.

Ef við viljum að íþróttabylgja sumarsins '22 vari í áttatíu ár, þá er okkar að grípa tækifærin, slökkva á skjánum, fara heim og „grafa gryfjur", efla æfingarnar og unga fólkið, hvetja áfram og þakka leiðtogum, eða stíga sjálf á stokk! ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Þetta er enginn firmabolti

Í dag

Karl Th. Birgisson

Ég sá þennan Steina þjálfara fyrst í fréttunum þar sem hann strauk leka úr rauðu nefi í skítaveðri.

Kvennalandsliðið í fótbolta hafði unnið Þjóðverja, minnir mig, en Steini sagði bara: „Ágætt, en áfram gakk."

Brussurnar

Fyrst er hér nú játning.

Þegar ég ritstýrði vikublaði fyrir einhverjum árum skömmuðu mig femínistalessubrussur fyrir að láta ekki skrifa um kvennafótbolta.

Ég fann mig knúinn til svara, því að sumar þessara kjéddlínga voru vinkonur mínar.

Svarið var stutt. Það væri tilgangslaust að fjalla um slíka leiki.

Þeir færu allir 12–2 eða 16–1, og allir vissu það fyrirfram. Við gætum eins fyllt síðurnar af úrslitum í 5. flokki. Það væri ekki í boði.

Júbú, við vissum að Vanda var flott, Katrín Jóns og – og...?

Svo breyttist eitthvað. Nei – allt breyttist. Aðrir vita betur en ég hvað gerðist.

Væntingar

Á Evrópumótinu á Englandi töpuðu stelpurnar tveimur leikjum og unnu einn. Hefðu vitaskuld getað unnið þá alla.

Hvað á ég við?

Of margt í lífinu snýst um væntingar og þær eru snúin tilfinning. Við áttum að vinna Belga og Ítali, af því að við vorum betri. Þess vegna var jafntefli ígildi taps í þeim leikjum. Að sama skapi var jafntefli gegn Frökkum eiginlega sigur. Þær voru betri.

Við höfum fordæmin: Gullaldarlið strákanna á EM 2016 vann Portúgal 1–1 (svo afgerandi að Ronaldo móðgaðist stórlega), en tapaði svo 1–1 gegn Ungverjalandi.

Við þekkjum þessa sálfræði vel úr pólitík.

Framboð tapar fylgi, en fær samt meira en skoðanakannanir höfðu spáð. Það kallast varnarsigur í klisjubankanum.

Þú vinnur þótt þú tapir

Bjarni Benediktsson stóð upp á kosningakvöldi eftir þriðja tapið í röð og sagði „Við erum að vinna þetta!" af því að flokkurinn hans var stærri en hinir, og uppskar klapp og mikið vúhú í salnum.

Svipuð stemning var í Valhöll í vor. Tap, en samt frábær árangur.

Í pólitík er viðtekin venja sumra að ljúga, af því að söfnuðurinn þarf að trúa.

Um fótboltann gegnir öðru máli.

Þar er engu hægt að ljúga, allt blasir við okkur, þótt stundum blundi of miklar vonir í brjóstum.

Félögin

Ég átti þess kost fyrir skömmu – árum saman – að fylgjast með unglingsstelpum spila fótbolta, á mótum, í deildarleikjum og úti um allt.

Hvílíkt úrval af hæfileikum. En stundum auðvitað ekki, eins og gengur.

Sérstaka athygli mína vakti starfið hjá Val og Breiðabliki (ég er Framari). Líka í Þrótti og hinum eilífa Selfossi, sem virðist alltaf dæla út afburðafólki á öllum vígstöðvum.

Þegar nær dró eldri flokkum þurftu frábærar stelpur – landsliðskonur og markaskorarar – að „flýja" frá Val í önnur lið til að fá að spila.

Samkeppnin var svona hörð og hæfileikarnir miklir. Það var ekki plúss fyrir þá alla í einu liði.

Enn fleiri hættu og fóru á hverfisvöllinn, af því að þær vildu bara spila fótbolta, fremur en að díla við það miskunnarleysi markaðarins, sem fótboltinn er orðinn.

Ég veit ekki hvað gerðist, en einhverjir tóku skynsamlegar ákvarðanir fyrir sín félög og þetta var greinilega ekki tilviljun.

Já, brussurnar

Á hliðarlínunni er félagslíf foreldra svo sérstakur kapítuli.

Eitt foreldrið kom mér á óvart með yfirlýsingu sem var nokkurn veginn svona:

„Manstu, Kalli, þegar við vorum að alast upp? Þá var næstum enginn kvennafótbolti, en þær sem sóttu í þetta voru ekki eins og okkar stelpur.

Þær voru flestar stórar og miklar um sig, eiginlega óttalegar brussur.

Nú eru þetta nettar og flottar fegurðardísir," sagði foreldrið og benti á dætur okkar.

Ég vissi ekki alveg hvernig ég átti að taka þessu. Tók bara annan bita af nestinu – flatbrauði með kæfu og kalt kaffi með. Kaffið kólnar yfirleitt hratt þarna á kantinum.

Sennilega er rétt að taka fram að þetta foreldri var kona.

Þessi ummæli féllu allnokkru eftir að ég horfði á viðtal við Hólmfríði Magnúsdóttur, einhvern mesta hæfileikajaxl sem landsliðið hefur átt.

Þá höfðu stelpurnar unnið eitthvert Eystrasaltsríkjanna sirka 12–0 og Hólmfríður var spurð:

„Voruð þið ekki farnar að vorkenna þeim í stöðunni 10–0?"

Svarið kom ískalt og strax: „Vorkenna þeim? Þetta er enginn firmabolti." Ef einhvern tímann þurfti staðfestingu á því að kvennaboltinn væri orðinn fullorðins, þá birtist hún þarna holdi klædd, alveg grjóthörð á svipinn.

Við fengum aðra staðfestingu á Englandi á dögunum.

Þar var allt bara tussufínt, eins og skáldið sagði af öðru tilefni. ■



Uppbygging Úkraínu? Ný Marshalláætlun?

Hilmar Þór Hilmarsson
prófessor við Háskólann á Akureyri

Einhvern tíma lýkur stríðinu í Úkraínu. Það er sennilega hægt að útiloka tvo möguleika. Annar er sá að Rússar nái allri Úkraínu. Hinn að Úkraína nái að hrekja Rússa alfarið burt úr Úkraínu. Þetta endar með málamiðlun og því meira svæði sem Rússar ná undir sig í stríðinu því veikari verður samningsstaða Úkraínu og því sterkari verður samningsstaða Rússa. Margt bendir til þess að ásamt austurhluta Úkraínu, Donbas, reyni Rússar nú að ná allri suðurstrandlengju Svartahafsins að Odessa, fari jafnvel alveg að landamærum Moldóvu og Rúmeníu. Þar með væri Úkraína orðin landlukt land, búin að missa aðgang að lífæðar sinni til útflutnings, sem eru siglingaleiðir um Svartahafið.

Ólíklegt verður að teljast að Rússar láti þau landsvæði af hendi sem þeir hafa þegar náð til lands sem er umsóknarríki (e. candidate country) hjá ESB og hugsanlega á leið í NATO til lengri tíma litið. Úkraína, með stuðningi Vesturlanda, mun heldur ekki vilja gefa eftir og mun krefjast þess að endurheimta allt það land sem hún hefur misst, ekki bara í stríðinu sem hófst í febrúar 2022, heldur síðan febrúar 2014 þegar Krímskaginn var innlimaður. Samningar verða því erfiðir fyrir báða aðila.

Að stríði loknu vakna spurningar um uppbyggingu Úkraínu. Fær Úkraína styrki eða lán? Hvaða stofnanir geta komið að uppbyggingunni? Hvenær á að hefjast handa?

Opinber skuldastaða Úkraínu mæld sem hlutfall opinberra skulda af vergri landsframleiðslu var ekki afleit fyrir stríðið sem hófst í upphafi árs 2022. Samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum voru opinberar skuldir Úkraínu í lok árs 2021 um 50% af vergri landsframleiðslu, sem var undir því hámarki sem ESB setur, sem er 60%. Eftir COVID-19 stóðu mörg ESB-ríki verr á þessum mælikvarða t.d. stærstu ESB-ríkin. Á Ítalíu árið 2021 voru opinberar skuldir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 150%, í Frakklandi 112% og í Þýskalandi 70%. Stærstu ríki ESB standa því alls ekki vel um þessar mundir sé litið til opinberra skulda. Staðan í Úkraínu er miklu verri nú árið 2022, en hún var í lok árs 2021, eftir mikla eyðileggingu og algert hrun vergrar landsframleiðslu. Alþjóðabankinn spáði nýlega að verg landsframleiðsla Úkraínu myndi dragast saman um 45% á þessu ári. Efnahagsstaða vestrænna ríkja er ekki góð um þessar mundir, en miðað við stöðu Úkraínu nú þyrfti aðstoð Vesturlanda samt aðallega að vera í formi styrkja, ekki lána. Uppbygging tæki líka langan tíma.

Þær stofnanir sem kæmu að uppbyggingu Úkraínu væru Evrópusambandið, sem væntanlega myndi beita Fjárfestingabanka Evrópu (e. European Investment Bank). Einnig Bretton Woods-stofnanirnar Alþjóðabankinn (e. World Bank Group) og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (e. International Monetary Fund). Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu (e. European Bank for Reconstruction and Development) sem var stofnaður eftir fall Sovétríkjanna gæti líka komið að uppbyggingunni.

Gallinn við Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er meðal annars sá að þar er Rússland aðildarríki og Rússar sitja þar í stjórn. Sama á við um Endurreisnar - og þróunarbanka Evrópu. Að þessu leyti gæti verið skynsamlegt að setja á fót sjálfstæða stofnun fyrir Úkraínu sem myndi hraða aðstoð við landið þegar þar að kemur og taka tillit til þess neyðarástands sem ríkir í Úkraínu. Auk þess eru þróunarbankarnir sem nefndir eru hér að framan mest í að sinna lánveitingum, ekki afgreiðslu styrkja eins og t.d. ESB veitir umsóknar- og aðildarríkjum. Einnig mætti hugsa sér að Efnahags- og framfarastofnunin, OECD (e. Organisation for Economic Co-operation and Development) komi að málinu. Kosturinn við OECD er meðal annars sá að þar eru aðildarríki eins og Bandaríkin og Japan sem eru ekki aðilar að ESB.

Auk aðstoðar frá alþjóðlegum stofnunum verður líka tvíhliða aðstoð þar sem einstök ríki munu vilja aðstoða Úkraínu með framlögum. Það mælir enn frekar með því að setja á fót sjálfstæða stofnun til að aðstoða Úkraínu, vegna þess að slík stofnun gæti samhæft aðgerðir alþjóðastofnana og tvíhliða aðstoð einstakra ríkja.

> Sú hugmynd hefur komið fram að sá hluti gjaldeyrisvarasjóðs Rússlands sem frystur var af Vesturlöndum, um 300 milljarðar Bandaríkjadala, verði notaður til uppbyggingar í Úkraínu.

Einkageirinn mun gegna hlutverki í Úkraínu en þátttaka hans í uppbyggingu innviða getur orðið erfið. Samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila (e. public private partnerships) um uppbyggingu innviða (e. infrastructure) hafa verið reynd í mörgum löndum en eru sérstaklega erfið í löndum sem hafa veikan laga- og reglugerðaramma auk veikra stofnana eins og í Úkraínu, þar sem að auki hefur verið mikil spilling. Alþjóðabankinn, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu og Fjárfestingabanki Evrópu geta þó gengið í ábyrgð fyrir slíkar framkvæmdir vegna erfiðleika sem kallast non-commercial risk t.d. vegna gjaldeyrishafta, þjóðnýtingar, stríðs og innanlandsátaka, samningssvika, o.s.frv.

Sú hugmynd hefur komið fram að sá hluti gjaldeyrisvarasjóðs Rússlands sem frystur var af Vesturlöndum, um 300 milljarðar Bandaríkjadala, verði notaður til uppbyggingar í Úkraínu. Við þá ráðstöfun vakna ýmsar lagalegar spurningar en víst má telja að slík ráðstöfun muni ekki auðvelda samningagerð við Rússa.

Að lokum vaknar spurningin hvenær á að hefjast handa. Margir myndu telja að rétt væri að bíða stríðsloka, en þó væri ekki útilokað að hefja framkvæmdir í vesturhluta Úkraínu, á meðan sá hluti austur- og suðurhluti Úkraínu sem Rússar ráða nú yfir, verði útilokaðir. Öllum framkvæmdum myndi þó fylgja áhætta og fátt bendir til þess að stríðinu ljúki á næstunni. En í stríðslok verður samt sem áður þörf fyrir einhvers konar Marshalláætlun fyrir Úkraínu.

Höfundur starfaði um 12 ára skeið hjá Alþjóðabankanum í Washington, Ríga og Hanoí. ■

Má brjóta kosningalög?

Indriði Stefánsson
varaþingmaður Pírata í Suðvesturkjördæmi og varabæjarfulltrúi Pírata í Kópavogi

Friðsamleg og lýðræðisleg skipti valdhafa er grundvöllur okkar samfélags og í raun allra vestrænna og margra annarra samfélaga. Þetta framsal fer fram í kjölfar kosninga þar sem öllum með kosningarétt býðst að greiða atkvæði um niðurstöðuna.

Það þarf að vera hafið yfir allan vafa að rétt hafi verið að málum staðið. Það er alveg ljóst að svo var ekki haustið 2021 í Norðvesturkjördæmi. Nokkrir aðilar hafa kært ólöglega framkvæmd þingkosninganna til kjörbréfanefndar Alþingis og auk þess kærði Karl Gauti Hjaltason framkvæmdina til lögreglu.

Fjöldi illa, eða ólöglega, framkvæmdra þátta var hins vegar ekki kærður til lögreglu. Í ljósi þess að lögregla tók þá ekki til rannsóknar að eigin frumkvæði tók ég þá ákvörðun að kæra. Kæran var lögð fram hjá Lögreglustjóranum á Vesturlandi sem vísaði henni áfram til Héraðssaksóknara. Þann 20. júní barst mér svo tilkynning um að Héraðssaksóknari teldi ekki grundvöll til að hefja rannsókn.

Hvað skal bóka í gerðabók?

Héraðssaksóknari taldi ekki skýrt í lögunum hvað skyldi bóka í gerðabók fyrir utan að bóka skuli:

- Viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra til landskjörstjórnar og viðtöku á ný.
- Útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa.
- Hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.
- Hversu margir kjörseðlar eru ógildir og ástæður þess.

Á þessu grundvallast sú ákvörðun að rannsaka ekki mögulegar rangfærslur.

Þó segir í lögunum að allar kjörstjórnir skuli halda gerðabækur og bóka gerðir sínar. Það þykir mér nokkuð skýrt þýða að listinn sem talinn er upp í kosningalögum sé ekki tæmandi og því skuli bóka um framkvæmd kosninganna svo hægt sé, út frá gerðabókinni, að rekja hvernig staðið var að kosningunum, sem getur verið mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni og á hverjum stað.

Mögulegar breytingar atkvæðaseðla ekki rannsakaðar

Ljóst er af gögnum málsins og myndbandsupptökum að oddviti og fleiri meðlimir yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis voru einir í rýminu þar sem atkvæðin voru geymd óinnsigluð. Það hvort átt hafi verið við atkvæðin er eitthvað sem hefði átt að rannsaka. Þá rannsókn verður stjórnvald með rannsóknarheimildir að framkvæma. Sú staðreynd að atkvæðatölur allra framboða, fjöldi ógildra atkvæða, auðra atkvæða og jafnvel fjöldi greiddra atkvæða breyttist, hefði átt að kalla á rannsókn.

Endurtalning án heimildar eða óskar

Einnig er þekkt að 26. september 2021 hóf yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis endurtalningu án þess að nokkur hefði óskað eftir því, án nokkurrar heimildar í lögum, án þess að hún hefði verið auglýst, án þess að gefa kjósendum tækifæri til að vera viðstaddir talninguna, án þess að umboðsmönnum framboðslista hefði verið gefinn kostur á að vera viðstaddir talninguna, án þess að reynt hefði verið að kalla til staðgengla umboðsmanna og þrátt fyrir mótmæli umboðsmanna Pírata. Hvert og eitt þessara atriða gengur gegn þágildandi kosningalögum og því er erfitt að átta sig á því hvernig hefði mátt ráðast í endurtalninguna.

Ekki grundvöllur fyrir rannsókn á endurtalningunni

Til að hafna því að hefja rannsókn vísar Héraðssaksóknari til þess að þetta falli ekki undir sértæk refsiákvæði laganna en horfir algjörlega fram hjá því að í lögunum eru jafnframt almenn refsiákvæði um að það varði sektum ef sveitarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður hagar fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara, vísvitandi á ólöglegan hátt eða vanrækir hana. Ákvörðun Héraðssaksóknara um að hafna því að hefja rannsókn á þessum hluta framkvæmdarinnar er því óskiljanleg.

Framkvæmd alþingiskosninga 2021 ekki einsdæmi

Það kom fram í máli oddvita Yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis að svona hefði framkvæmdin verið í síðustu skipti, væntanlega að ólöglegu endurtalningunni undanskilinni. Í því ljósi blasir við að innra gæðaeftirlit kosningaframkvæmdarinnar var lítið sem ekkert. Þegar koma fram brot á lögum við framkvæmd kosninga hefði maður búist við að lögregla, að eigin frumkvæði, myndi hefja rannsókn og taka alvarlega kærur sem henni bárust. Af þessu má ráða að hlutverk umboðsmanna framboðslista og almennings er mikið og nauðsynlegt til að tryggja heilindi kosninga.

> Ljóst er af gögnum málsins og myndbandsupptökum að oddviti og fleiri meðlimir yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis voru einir í rýminu þar sem atkvæðin voru geymd óinnsigluð.

Enginn skortur á mistökum í sveitarstjórnarkosningum 2021

Við framkvæmd síðustu sveitarstjórnarkosninga þurfti ég sem umboðsmaður lista að gera ítrekaðar athugasemdir við framkvæmd utankjörfundar vegna áróðurs á kjörstað, skorts á nauðsynlegum upplýsingum fyrir kjósendur um frambjóðendur og lista, laga sem var skyndilega breytt þannig að möguleikar námsmanna erlendis til að kjósa voru skertir, og vegna brota á persónuverndarlögum og lögum um áróður á kjörstað vegna skilríkja umboðsmanna. Þessi listi er langt í frá tæmandi og því virðast mistökin í Norðvesturkjördæmi ekki hafa haft tilfinnanleg áhrif á metnað við framkvæmd kosninga hér á landi. Það gekk afar illa að fá lögreglu, landskjörstjórn og aðra til að bregðast við athugasemdum umboðsmanna. Ég sendi þó jafnframt kærur til lögreglu og Persónuverndar sem bíða afgreiðslu.

Hlutverk fjölmiðla

Ef frá eru talin Vísir og Fréttablaðið sýndu fjölmiðlar ítrekuðum ábendingum um brot á lögum og reglugerðum við framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna engan áhuga. Afar fáir fjölmiðlar virtust sjá nokkra ástæðu til að fjalla um vandkvæði við framkvæmd kosninga. Slíkt vekur óneitanlega vonbrigði.

Kært til Ríkissaksóknara

Í ljósi allra ofangreindra hluta tók ég þá ákvörðun að vísa ákvörðun Héraðssaksóknara til Ríkissaksóknara. En vitanlega ætti það ekki að þurfa, lögreglan gæti vel tekið málin upp og Héraðssaksóknari hefði átt að horfa til almennra refsiákvæða en ekki sértækra. Spurningunni hvort brjóta megi kosningalög er ósvarað en miðað við fyrstu viðbrögð er svarið já. Þangað til stjórnvöld taka brot á kosningalögum alvarlega verða aðrir að gera sitt til að tryggja framkvæmdina og þangað til munum við Píratar standa vaktina. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 22. júlí 2022

Það er alltaf gaman að koma í Viðey.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þjóðsögur í Viðey

jme@frettabladid.is

Sögukonan og umhverfis- og þjóðfræðingurinn Björk Bjarnadóttir mun leiða gesti um Viðey í skemmtilegri náttúrugöngu með þjóðsögum á morgun milli klukkan 12.15 og 15.30. Fjölbreytt saga eyjunnar fléttast einnig inn í gönguferðina.
Á göngunni segir Björk frá plöntulífinu í eyjunni, nytjum þeirra, lækningamætti og tengingu þeirra við þjóðtrúna. Fuglalífið verður einnig til skoðunar. Með hafið alltumlykjandi er kjörið tækifæri að segja frá þjóðsagnaverum eins og marbendlum, margýgjum, hafmönnum, hafströmbum og öðrum verum sem halda til í hafinu. Þá verður spáð í uppruna huldufólks og gestir heyra af samskiptum Magnúsar Stephensen konferenzráðs og huldukonu einnar.

Ganga fyrir öll
Gangan er jafnt fyrir börn og fullorðna. Siglt verður stundvíslega frá Skarfabakka klukkan 12.15. Þátttaka í göngunni er gestum að kostnaðarlausu. Gjald í ferjuna fram og til baka er 1.950 krónur fyrir fullorðna og 975 fyrir börn 7–17 ára í fylgd fullorðinna. Börn 6 ára og yngri sigla frítt. Handhafar Menningarkorts Reykjavíkur fá 10% afslátt í Viðeyjarferjuna og handhafar Gestakortsins (Citycard.is) sigla frítt. Nánari upplýsingar um aðgengi og fleira er að finna á Facebook-viðburðinum Þjóðsögur fyrir börn í Viðey. ■

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

Listrænt heimili umvafið hlýju

Leirlistakonan Margrét Jónsdóttir býr á einstaklega fallegum stað á Akureyri í húsi sem er henni afar kært með útsýni eins og hún hafði á bernskuárunum. Heimili hennar er listrænt og skapandi en um leið afslappandi, umvafið hlýju og ást.

Afskorin blóm eru í miklu uppáhaldi hjá listakonunni Margréti. Hér hefur hún sett fallegan bleikan vönd í vasa. MYND/MÓHEIÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

sjofn@frettabladid.is

Margrét er fædd og uppalin á Akureyri umvafin yndislegri fjölskyldu, eins og hún segir sjálf frá. „Við erum sex systkinin og erum mjög samrýmd og náin. Maðurinn minn heitir Guðmundur Árnason og við eigum eina dóttur, Móheiði. Fyrir margt löngu lærði ég leirlist í Danmörku þar sem ég dvaldi í sex ár og það hafði vissulega mikil áhrif á mig. Ég kom heim til Akureyrar aftur 25 ára og hef starfað við leirlistina síðan á mínu verkstæði sem ég rek í Gránufélagsgötu 48 þar sem ég er einnig með sölugallerí.

Ég hef unnið mikið eftir pöntunum og oft undir mikilli tímapressu en nú ætla ég að hætta að taka pantanir og gefa sjálfri mér aukið svigrúm til þess að skapa, vinna að sýningum og ferðast," segir Margrét dreymin á svip.

Húsið hefur tilfinningalegt gildi
Húsið í Kotárgerði sem Margrét og eiginmaður hennar eiga og búa í í dag er reisulegt og fallegt með stórfenglegu útsýni sem lætur engan ósnortinn. Margrét segir það enga tilviljun að þau hjónin hafi fjárfest í þessu húsi og hún tengist því tilfinningaböndum.

„Ég ólst upp í húsi með miklu útsýni til norðurs og við fjölskyldan áttum svo margar góðar stundir á fallegum sumarkvöldum þegar við fylgdumst með miðnætursólinni. Það var hefð á mínu bernskuheimili að hafa kvöldkaffi, mamma bakaði iðulega pönnukökur og gerði kakó og við elskuðum þessi löngu sumarkvöld.

Eftir að ég flutti að heiman saknaði ég alltaf þessa útsýnis svo það var mér sérlega kært þegar okkur bauðst að kaupa okkar núverandi hús fyrir tíu árum, þar sem útsýnið er eins og það sem ég ólst upp við á mínum bernskudögum.

Húsið er teiknað af föður mínum fyrir rúmum 50 árum svo það gefur því svo sannarlega mikið gildi í mínum huga." Margrét segir

jafnfram að þegar þau fluttu í húsið hafi þau farið í ýmsar endurbætur en skipulagið og hönnunin hafi verið þannig að það þurfti ekki stórar breytingar.

Listmunir, bækur og tónlist

Þegar Margrét er beðin um að lýsa heimilisstílnum stendur ekki á svari. „Heimilið okkar er afslappað og skapandi. Eðli málsins samkvæmt er heimilið fullt af listmunum eftir mig sjálfa og aðra listamenn en svo er líka mikið af hljóðfærum þar sem maðurinn minn og dóttir eru bæði í músík. Bækur og tónlist skipa stóran sess í okkar heimilislífi. Það sem mér finnst gera heimili að heimili er auðvitað fólkið sem býr þar og að áhugamál heimilisfólksins og yndi endurspeglist í húsinu.“

Hjarta heimilisins slær í stofunni. „Við erum með arin í stofunni og þar finnst okkur ósköp gott að sitja, bæði á köldum vetrardögum og regnvotum sumarkvöldum.“

Jarðlitir og ljósir tónar

Jarðlitir eru ríkjandi á heimilinu með mildum og ljósum tónum. „Við notumst nær eingöngu við jarðliti og ljósa, milda tóna. Áferð hlutanna skiptir mig miklu máli, kannski vegna þess að ég vinn mikið með áferð í minni listsköpun. Ég vil hafa náttúrulega áferð á hlutunum og efnisvalið er eftir því, olíuborið timburgólf, ull, bómull og hör eru áberandi hér heima. Mér finnst náttúruleg efni verða fallegri við notkun með árunum.

Allir útveggir inni í húsinu eru málaðir með kalkmálningu frá Kalklitum. Áferðin er lifandi og hlýleg og hefur enst alveg ótrúlega vel. Innveggir hússins eru allir málaðir með hvítri, mattri málningu.“

Saga og minningar skipta máli

Margir hlutir og munir á heimilinu eiga sér sögu og hafa tilfinningalegt gildi fyrir hjónin. „Heimilið okkar Guðmundar hefur þróast með okkur þessi rúmu 30 ár sem við höfum verið saman. Okkur þykir vænt um húsgögnin okkar og erum ekki mikið að skipta þeim út. Mér þykir fallegt þegar það sést á hlutum að þeir eru notaðir og eru jafnvel orðnir svolítið slitnir og lífsreyndir. Þá fylgir þeim saga og minningar sem eru svo mikils virði.

Hins vegar skipti ég gjarnan um ábreiður og púðaver eftir árstíðum.

Þegar daginn fer að lengja er gaman að taka inn bjartari og glaðlegri liti en þegar vetrar rúllum við út mottum og drögum fram dekkri púðaver og setjum kerti í öll skúmaskot.

Ég hef svo mikið dálæti á borðum af öllum stærðum og gerðum og á aldrei nóg af þeim.

Hlutir sem verða sérkennilegir og einhverjum finnast gallaðir búa oft yfir miklum sjarma. Matarstellið okkar samanstendur af mismunandi stórum diskum og skálum af ýmsum gerðum, segir Margrét.

Borðstofuborðið hefur fylgt mér lengi. Ég hannaði það og bjó til fæturna úr leir. Innskotsborðin eru orðin mjög gömul, þau eru eftir afa minn og ég held mikið upp á þau.“

Allt leirtau á heimilinu er eftir Margréti og fær að njóta sín. „Ég tek gjarnan með mér heim af verkstæðinu hluti sem verða aðeins öðruvísi en þeir áttu að verða. Hlutir sem verða sérkennilegir og einhverjum finnast gallaðir búa oft yfir miklum sjarma. Matarstellið okkar samanstendur af mismunandi stórum diskum og skálum af ýmsum gerðum en þegar þetta raðast saman myndar það sterka heild.“

Körfustóllinn ómissandi

Eldhúsið er stílhreint, stórt og bjart með stórum gluggum þar sem útsýnið er stórfenglegt og má segja að þar sé lifandi málverk á ferð sem breytist frá degi til dags. Margrét hefur gaman af því að sýsla í eldhúsinu og segir að það sé einn hlutur þar sem henni finnst ómissandi af hafa.

„Í eldhúsinu er gamall notalegur körfustóll sem gott er að setjast í. Þegar verið er að sýsla í eldhúsinu finnst fólki gott að setjast í hann, þá er hægt að spjalla á meðan er verið að stússast. Eldhúsið er þannig ekki bara vinnusvæði heldur einnig rými þar sem hægt er að slaka á,“ segir Margrét, sem kann svo sannarlega að njóta, enda mikill lífskúnstner.

Blóm skipa líka ákveðinn sess á heimilinu og í eldhúsinu er ein risastór planta sem setur sterkan svip á eldhúsið.

„Ég er mikil blómakona og þarf að skrafa aðeins við blómin á hverjum degi. Pelargóníur eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér en þær eru viljugar að blómstra. Á veturna er ég mikið með afskorin blóm og mér finnst það alltaf gefa heimilinu fallegan svip.“

> Okkur þykir vænt um húsgögnin okkar og erum ekki mikið að skipta þeim út.

Villt náttúran fær að njóta sín

Lóðin í kringum húsið er ekki hefðbundin. „Það eru klappir á lóðinni, mosi, stórar breiður af roðafífli og margar blómategundir sem vaxa villtar í náttúrunni. Við viljum hafa sem minnst af grasi sem þarf að slá og reynum að haga garðinum þannig að hann þurfi ekki mikla umhirðu.

Ég hef ekki viljað hafa mikið af blómabeðum en bóndarósir get ég ekki staðist svo þær eru nokkrar í beði sunnan undir vegg. Þegar ég huga að garðinum finnst mér gott að gera það seint á kvöldin og njóta um leið kvöldsólarinnar, kyrrðarinnar og þessa dásamlega útsýnis sem hér er.“

Heimili Margrétar er hennar griðastaður og veitir henni vellíðan. „Mér finnst alltaf gott að koma heim til mín og það er ómetanlegt að eiga heimili þar sem manni líður vel og finnur frið, ró og skjól með sínu góða fólki. Fyrir það er ég þakklát,“ segir Margrét að lokum. ■

Afskorin blóm setja mikinn svip á heimilið.

Útsýnið er stórfenglegt úr stofunni.

Leirlistaverkin eru fjölmörg og í margs konar útfærslum.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf

Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Tískan

ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Frímínútur

Nína Richter
ninarichter
@frettabladid.is

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara
@frettabladid.is

Hraunborgir
Grímsnesi

Hvað?
Í Hraunborgum í Grímsnesi á Suðurlandi má nálgast sannkallaða paradís með alls konar afþreyingu fyrir stóra sem smáa. Þar má fara í golf á 9 holu golfvelli eða taka léttan leik í mínígolfi, skella sér í sund, njóta aðstöðunnar á einu barnvænasta tjaldstæði landsins og grilla í góðra vina hópi. Þá segja staðarhaldarar að sérstaklega lítið sé um lúsmý á svæðinu.

Fyrir hvern?
Þessi skjólsæla sumarleyfisparadís er í aðeins klukkustundarfjarlægð frá borginni og er vinsæll áfangastaður fyrir fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum. Á leiksvæðinu má finna róluvöll, trampólín og aparólu og því ættu krakkarnir að hafa nóg fyrir stafni, auk þess sem boðið er upp á innileiksvæði fyrir börn. Þá er matsölustaður og bar á svæðinu með aðstöðu til að horfa á íþróttir í beinni. Veitingastaðurinn er með skjólgóðum palli þar sem má njóta veðurblíðunnar yfir pitsusneið og góðum drykk.

Berjadagar
Ólafsfirði

Hvað?
Berjadagar eru tónlistarhátíð sem fram fer um verslunarmannahelgina í Ólafsfirði þegar aðalbláberin fara að taka á sig svartan lit og höfugan ilm. Hátíðin var stofnuð 1999 og hefur fest sig í sessi sem fastur liður í menningarflórunni á Norðurlandi.

Fyrir hvern?
Á tónlistarhátíðinni koma fram ólíkir hljóðfæraleikarar til að flytja list sína í rýmum sem gera upplifun af tónleikum einstaka. Á nýrri heimasíðu, berjadagar.is, má nálgast miða á glæsilega tónleika hátíðarinnar í ár sem og upplýsingar um listamenn og aðra viðburði. Listrænn stjórnandi Berjadaga er Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari. Frítt er á hátíðina fyrir 18 ára og yngri. ■

Hvað er um að vera í næstu viku?

25. júlí
Mánudagur

■ **Sátt – ljósmyndasýning**
Gæruhúsinu Þingeyri – allan sólarhringinn
Ljósmyndasýning Sólnýjar Pálsdóttur sem er hluti af Nr. 4 Umhverfingu, listviðburði sem teygir sig um Vestfirði alla, Strandir og Dali.

26. júlí
Þriðjudagur

■ **Hreindýradraugur #3**
Minjasafn Austurlands – 10.00
François Lelong sýnir skúlptúra og teikningar sem eru innblásin af hreindýrum og náttúru Austurlands.

27. júlí
Miðvikudagur

■ **Bjarni Már Ingólfsson**
Björtuloftum Hörpu – 20.00
Gítaristinn og tónskáldið Bjarni Már Ingólfsson kemur fram ásamt kvartetti sínum. Frumsamin tónlist og ýmsar djassperlur.

■ **Ferð til fortíðar**
Skálinn Víkingasetur Þingeyri – 17.00
Þátttakendur kynnast sögu forfeðranna, þar sem hægt er að hlusta, upplifa og prófa.

28. júlí
Fimmtudagur

■ **Rokkhátíð**
Lemmy – 18.00
Fyrsta rokkhátíð Lemmy hefst á fimmtudeginum en yfir 15 hljómsveitir koma fram yfir fjóra daga.

■ **Katey Brooks**
Tehúsið Hostel Egilsstöðum – 21.00
Katey Brooks er uppreisnargjarn listamaður sem blandar saman þjóðlaga-, sálar- og blústónlist.

■ **ISSAMWERA**
Gaukurinn – 20.00
Íslensk-afró tónlist frá ISSAMWERA. Allt frá jaðri Afro-beats til heimstónlistar, djass, fusion, sára og fönks. ■

■ **Netfyrirbærið**

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Dansað við skrítnar spurningar

Einstaklingar og fulltrúar fyrirtækja deila með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum undarlegum spurningum sem þeir hafa fengið frá kúnnum og öðru fólki.

Tískufyrirbærið gengur út á það að dansa við vinsælt popplag frá árinu 2010 sem heitir Happiness og er eftir Alexis Jordan og taka mismunandi dansspor eða stellingar við hverja spurningu. Útkoman er frekar kómísk þar sem spurningarnar geta verið óþægilegar og lagið er einstaklega dáleiðandi og peppað.

Hér má sjá nokkur dæmi. ■

Ísbúð Huppu

- Eru ávextirnir ykkar vegan?
- Seljiði ís hér?

Íbúi í Grímsey

- Er netsamband þarna?
- Er eitthvað að gera þarna?

Leikskólakennar

- Áttu krakk?
- Hvað gerist þegar maður er búinn að klárast?

Lyfja

- Eigi olíu til þess að drepa gullfisk?
- Eigi til niðurdrepandi krem?
- Eigiði smokka fyrir byrjendur?

Starfsfólk Umhverfisstofnunar

- Hvort er umhverfisvænna að borða innlent kjöt eða innflutt grænmeti?
- Hvort er meiri losun frá eldgosum eða mannavöldum?

Sannarlega dótadagur á Egilsstaðaflugvelli

Flugvélar stórar og smáar, þyrlur, fornbílar og snjóruðningstæki eru meðal tækja sem verða til sýnis á Flugi & fákum á Egilsstaðaflugvelli um helgina.

Þura Garðarsdóttir flugmaður er skipuleggjandi. „Það verður sannarlega dótadagur á Egilsstaðaflugvelli," segir hún. Tæki úr héraðinu verða til sýnis á jörðu niðri og vélar munu leika listir sínar í háloftunum. Þura segist vera spenntust fyrir listfluginu.

„Ég er líka áhugasöm um radíóstöðvar og sérstaklega veik fyrir stjörnumótorum."

Hún segir Egilsstaðaflugvöll vera falda perlu, flugvöll með alla burði til að sinna farþegaflugi, og að nú sé tilvalið að kynna völlinn fyrir fólki.

„Vanalega þarf að ganga á milli keilna og reipa og beint upp í vél en nú opnum við allan völlinn."

Umdæmisstjórinn pantaði gott veður í fyrra þegar flugvöllurinn var malbikaður í fyrsta sinn í 20 ár. Hann hefur greinilega einhvers konar náðargáfu því ekki féll einn dropi meðan framkvæmdirnar stóðu yfir. „Ég treysti á að umdæmisstjórinn leggist aftur á bæn."

Tæki úr héraði verða til sýnis á jörðu niðri og vélar í háloftunum. MYND/AÐSEND

Þura vonar að með hátíðinni nái hún að kveikja neista og áhuga í hjörtum barna en sjálf fékk hún flugbakteríuna snemma.

„Að sjá flugvél fljúga er töfrum líkast. Mörg eðlisfræðilögmál og góðar hugmyndir þurfa að ganga upp til að þetta sé hægt," segir hún, full af eldmóði. Hún segir lyktina á flugvellinum vekja upp góðar minningar um samverustundir með fjölskyldunni, flugvallaferðir með pabba og þegar hún fékk í fyrsta sinn að taka í stýrið.

Þura Garðarsdóttir, flugmaður

„Þegar ég var lítil fannst mér skemmtilegustu útilegurnar þegar við fórum á flughátíðir. Ákveðinn draumur er að rætast hjá mér. Litla stúlkan á flughátíðinni fær loksins að skipuleggja sína eigin hátíð og vonandi kveikja neista í hjörtum annarra." ■

Hvað er að gerast núna um helgina?

22. júlí Föstudagur

Sumarhátíð
Hótel Flatey – Alla helgina
Hótel Flatey býður upp á tónlistarveislu í sumar. Tómas R. Einarsson og Ómar Guðjónsson spila.

Reykholtshátíð
Reykholtskirkju – alla helgina
Sígild tónlist í sögulegu umhverfi. Hátíðin er sett með tónlist eftir Mozart og Schumann.

Prins Póló og Moses Hightower
Gamla Bíó – 21.00
Standandi partí með Prinsinum og Moses sem hafa átt í nánu samstarfi undanfarið.

Bræðslan
Borgarfirði eystri – 19.00
Tónlistarhátíð Borgfirðinga. Fram koma Skálmöld, Írafár, Flott, Mugison & KK og Malen.

Trilludagar
Siglufirði – 10.00
Fjölbreytt dagskrá allan daginn og eitthvað fyrir alla fjölskylduna alla helgina.

23. júlí Laugardagur



Pallaball á Frönskum dögum
Skrúði, Fáskrúðsfirði – 23.50
Páll Óskar mætir á Franska daga og verður með alvöru Pallaball.

Hinsegin listamarkaður
LHÍ Þverholti – 16.00
Hinsegin list eftir hinsegin listamenn til sölu. Bæði laugardag og sunnudag.

Druslugangan
Miðbæ Reykjavíkur – 14.00
Gengið verður frá Hallgrímskirkju niður að Austurvelli þar sem efnt verður til samstöðufundar með ræðuhöldum og tónlistarflutningi.

24. júlí Sunnudagur

Flug & fákar
Egilsstaðaflugvöllur
Flugbrautin hefur verið malbikuð á ný og því ber að fagna með því besta sem flugið hefur upp á að bjóða. Fornbílar og listflug.

Að slaka á – Svava Dögg
Strandgata 19, Hafnarfirði – 13.00- 17.00
Myndlistarkonan Svava Dögg heldur einkasýningu sína í Litla galleríi. Hún segir verkin endurspegla innri ólgu og sækir innblásturinn í persónulegt ferðalag sem endaði með því að slaka á.

Aðalstræti ... sagan heldur áfram
Borgarsögusafn, Aðalstræti 10, Reykjavík – 10.00–17.00
Fjölskylduvæn og fræðandi sýning um þróun Reykjavíkur frá býli til borgar. Sýningin teygir sig neðanjarðar frá Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 yfir í elsta hús Kvosarinnar, sem er Aðalstræti 10. Sýningin er framhald af Landnámssýningunni og rekur sögu byggðar í Reykjavík allt frá landnáminu til samtímans.

Tískutröll vikunar

Bandaríski kvikmyndaleikarinn Brad Pitt er tískutröll vikunnar en stílistar um víða veröld tóku andköf af hrifningu þegar kynningarherferð nýjustu myndar kappans, Bullet Train, fór af stað í vikunni. Brad klæðist litríkum jakkafötum í sumarlegum litum úr léttum efnum eins og hör. Þá mátti sjá hann í pilsi á frumsýningu Bullet Train í Berlín í fyrradag. Hin íslenska Elísabet Rónaldsdóttir klippti kvikmyndina. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Undirbúningstímabilið er hafið!

Það sem þátttakendur uppskera:
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun

Það styttist í skólann og nú er tækifærið að styrkja mikilvæga þætti fyrir veturinn.

Námskeiðin eru metin til eininga í framhaldsskólum. Hægt að nota frístundastyrki.

Námskeið hefjast:
9 til 12 ára 8. ágúst 9.00 til 16.30 fjóra daga í röð
10 til 12 ára 3. ágúst 9.00 -13.00 átta virka daga í röð
13 til 15 ára 3. ágúst 9.00 -13.00 átta virka daga í röð
16 til 19 ára 3. ágúst 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 2. ágúst 18.00 -22.00 tvisvar í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

Skráning á dale.is

*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_122721

Hitabylgja er hættuleg heilsunni

Heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum, Bretlandi, Evrópu og Japan hafa varað fólk sterklega við hitabylgju sem nú ríður yfir víða um heiminn. Ástæðan er sú að svona mikill hiti getur skaðað heilsu fólks og haft langtíma afleiðingar.

elin@frettabladid.is

Margir Íslendingar eru á faraldsfæti víða um heiminn og hafa ekki farið varhluta af hitabylgjunni. Það er því gott að hafa í huga að hitabylgja er hættuleg heilsu fólks.

Loftslagsbreytingar hafa ýtt undir venjulegan sumarhita með slæmum afleiðingum. Læknar finna tengsl á milli þessa mikla hita og veikinda hjá fólki, þar er upptalið heilablóðfall, sykursýki, nýrnavandamál auk hjarta- og æðasjúkdóma.

„Loftslagsbreytingar eru í raun heilsufarslegt vandamál, bæði með beinum og óbeinum hætti," segir Richard J. Johnson, læknaprófessor og vísindamaður við háskólann í Colordado Anschutz Medical Campus, í samtali við tímaritið Times.

„Hitabylgjan hefur í för með sér aukna hættu á ofþornun sem getur síðan valdið vitrænni truflun, háum blóðþrýstingi og bráðum nýrnaskaða. Langvarandi ofþornun gerir að verkum að líkaminn á erfiðara með að skilja út eiturefni, sem hefur slæm áhrif á nýrun og eykur líkur á nýrnasteinum. Í svona miklum hita er líklegt að tíðni efnaskiptasjúkdóma hækki ásamt aukinni hættu á hjartaáfalli og heilablóðfalli," segir prófessorinn.

Í grein sem birtist í National Academy of Sciences árið 2008 var fjallað um aukna hættu á þróun nýrnasteina hjá fólki í hækkandi hitastigi jarðar. Þá hafði verið tekið eftir því í suðausturhluta Bandaríkjanna að mikil fjölgun var á sjúklingum með nýrnasteina. Talið var að of lítil vökvaneysla og vökvatap væri ástæðan auk mikils hita og raka í lofti. Sjúkdómurinn var talinn óvænt afleiðing hnattrænnar hlýnunar. Höfundar greinarinnar töldu að hlutfall þeirra sem væru í áhættuhópi til að fá nýrnasteina myndi hækka umtalsvert á næstu árum.

Sýnt hefur verið fram á að hjá bandarísku landbúnaðarfólki hafi orðið mikil aukning á óafturkræfum nýrnaskemmdum vegna hita og ofþornunar. „Nýrun eru mjög viðkvæm fyrir álagi af völdum hita," segir Johnson sem er höfundur bókarinnar Nature Wants Us To Be Fat: The Surprising Science Behind Why We Gain Wein and How We Can Prevent—and Reverse—It, en hann rannsakar nú tengsl á milli offitu og hitabylgju.

„Ofþornun er ekki óumflýjanleg afleiðing hitans. Það er auðvelt að forðast hana með því að drekka mikið vatn, ekki sykraða drykki og vera í skugga. Þeir sem vinna utandyra þurfa fleiri hvíldarpásur til að drekka vatn og íþróttadrykki. Sömuleiðis þarf að gæta að því að líkaminn fái salt. Alltaf skal vera með hatt," segir Johnson. „Ekki vera í beinni sól, hiti getur drepið. Hitabylgjur drepa fleiri í Bandaríkjunum árlega en fellibylir, eldingar, flóð og jarðskjálftar samanlagt." ■

Íbúar Lundúna þurftu að kæla sig í gosbrunnum í þeim mikla hita sem hefur gengið yfir landið. Þessi var kominn út í gosbrunn á Trafalgar Square.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hitinn fór upp í 46 gráður í Brussel í fyrradag. Það getur verið stórhættulegt að vera úti í slíkum hita.

Heilsu fólks er ekki bara ógnað í hitanum heldur keppast slökkviliðsmenn við að slökkva skógarelda víða.

> **Loftslagsbreytingar eru í raun heilsufarslegt vandamál, bæði með beinum og óbeinum hætti.**

Móbergs rabarbarasulta og -pæ fyrir sælkera

Nú er rabarbarinn í blóma og spennandi að búa til ljúffengar kræsingar úr honum. Við fengum Brynju Döddu Sverrisdóttur, lífskúnstner og ástríðubakara, til að ljóstra upp sínum uppáhaldsuppskriftum þar sem rabarbarinn er í aðalhlutverki.

sjofn@frettabladid.is

Brynja býr ásamt eiginmanni sínum, Hafþóri Bjarnasyni, í Kjósinni á fallegum stað í Norðurnesinu. Húsið þeirra ber heitið Móberg og má með sanni segja að það sé nafn með rentu. Náttúran allt í kring skartar sínu fegursta og útsýnið yfir fjöll og dali gleður augað.

Brynja er dugleg að rækta alls konar góðgæti, hún er með stóran kálgarð, kartöflugarð og lítið krúttlegt gróðurhús þar sem hún fær væna og fjölbreytta uppskeru af ýmsu góðgæti sem hún nýtir bæði í bakstur og eldamennsku. Rabarbarinn hefur blómstrað í sumar og Brynja er búin að nýta hann í ýmsar kræsingar eins og sultu og rabarbarapæ.

„Sultan og rabarbarapæið er mjög vinsælt hjá krökkunum og þau koma gagngert til fá gott með kaffinu og elska að fá þessar kræsingar þar sem rabarbarinn er ríkjandi. Það er synd að í ansi mörgum görðum er vannýttur rabarbari sem er þó svo einfalt að nýta. Sultan er til að mynda mjög einföld," segir Brynja.

Brynja er búin að sulta í krukkur. Rabarbarasultan geymist vel.

Móbergs rabarbarasulta

1 kg rabarbari, skorinn í litla bita
750 g sykur, Brynja notar hrásykur

Mér finnst best að setja allt í pott að kveldi og kveikja síðan undir daginn eftir. Þá hefur sykurinn náð að leysast vel upp. Soðið í 3 til 4 tíma. Þegar sultan er orðin þykk og falleg á litinn er hún tilbúin. Mér finnst tilheyra að það séu bitar í henni en auðvitað má setja töfrasprotann í og mauka hana alveg. Hún er sett í hreinar krukkur þegar hún hefur aðeins kólnað. Þetta er, að mínu mati besta sultan á pönnukökur og vöfflur og hver fúlsar við hjónabandssælu með rabarbarasultu?

Brynja Dadda að stússast í matjurtagarðinum.
MYNDIR/AÐSENDAR

Móbergs rabarbarapæ

4-5 stilkar af rabarbara eða það sem passar sem góð botnfylli í mótið sem notað er
100 g sykur
100 g smjör
80 g hveiti
20 g kókosmjöl. (Ef fólk vill ekki kókosmjöl eru 100 g hveiti)
Súkkulaði (t.d. með kókosmjöli)

Ljúffengt rabarbarapæ með vanilluís og karamellusósu.

Rabarbari skorinn í litla bita og settur í eldfast mót, örlitlum sykri stráð yfir (rabarbarinn er misjafnlega súr, hann er súrari eftir því sem líður á sumarið og sá græni er líka yfirleitt súrari).

Brytjað súkkulaði sett yfir, eftir smekk, mér finnst ekki þurfa mikið.

Bræðið smjörið og hrærið saman við hveiti, sykur og kókosmjöl og myljið yfir.

Eldfasta mótið sett inn í ofn við 200°C hita í 30 til 40 mínútur. Ofnar eru misjafnir, þá má bulla vel í og að yfirborðið sé orðið gullið og stökkt. Berið fram með ís eða þeyttum rjóma. Svo er bara að njóta.

Það er einfalt að stækka þessa uppskrift eftir fjölda gesta og stærð móts sem notað er. Stærra mót – 150 grömm af hráefnunum. ■

Taktu Fréttablaðið með í fríið

Fréttablaðs-appið gerir þér kleift að lesa blað dagsins í snjalltækinu þínu. Hvar sem er, þegar þér hentar.

Sæktu appið hér

Opnaðu myndavélina í símanum og skannaðu QR kóðann

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Bátar

Verkstæði Vélasölunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercruiser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótora á lager
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp - 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótora.

R.SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Þjónusta

Garðyrkja

MAH ehf

ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD
Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstiþvott, helluþrif og Pallaþrif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafið samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 867 4254

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Erum við
að leita **að þér?**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir hótel í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

Þann 10. mars 2022 samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hótel í landi Skerðingsstaða ásamt umhverfismatsskýrslu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15 gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar 2019-2039 en þar er svæðið skilgreint fyrir verslun og þjónustu. Skipulagssvæðið er um 4,5 ha að stærð og liggur á tanga sem gengur út í Lárvaðal undir Skerðingsstaðafjalli.

Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 100 herbergja hóteli og allt að fimm smáhýsum. Nýtingarhlutfall skipulagssvæðisins verður að hámarki 0,13. Hótelbyggingin verður stölluð og verður hæsti punktur hennar mest 22,5 m frá botnplötu 1. hæðar. Hámarks byggingarmagn hótelsins verður 5.500 m2 ofanjarðar. Byggingarreiturinn er að miklu leyti innan fornminjasvæðis og liggur niðurstaða fornminjaskráningar fyrir. Byggingin verður klædd að utan með náttúrulegum efnum og þök lögð gróðurþekju. Byggingarreitur fyrir smáhýsin er austast á skipulagssvæðinu og er húsunum raðað upp með óreglulegum hætti. Hæð smáhýsanna verður mest 4,5 m frá botnplötu. Hámarks byggingarmagn smáhýsanna er 300 m2.

Tillagan verður til sýnis frá 20. júlí til og með 14. september, 2022 á vef sveitarfélagsins www.grundarfjordur.is, í Ráðhúsinu og Sögumiðstöðinni á opnunartímum. **Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 23. ágúst kl. 17** í Sögumiðstöðinni Grundarfirði.
Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna og senda skriflegar athugasemdir til skipulagsfulltrúa að Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði (merkt DSK Skerðingsstaðir) eða á netfangið: skipulag@grundarfjordur.is **fyrir 15. september, 2022**.
Þau sem ekki gera athugasemdir innan ofangreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Grundarfirði, 20. júlí, 2022.
Kristín Þorleifsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Grundarfjarðarbær

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Tryggjum hinsegin tilveru

SJÓVÁ

Merkisatburðir

1227 Valdimar sigursæli bíður ósigur gegn þýsku greifunum í orrustunni við Bornhöved.
1245 Kolbeinn ungi Arnórsson, höfðingi af ætt Ásbirninga, andast 37 ára að aldri.
1513 Kristján II. verður konungur Danmerkur og Noregs.
1581 Áttatíu ára stríðið hefst: Norðurhéruð Niðurlanda sverja afneitunareiðinn og segja sig úr lögum við Filippus II. Spánarkonung.
1684 Gísli Þorláksson biskup á Hólum andast 53 ára. Hann er þríkvæntur.

1910 Zeppelin-loftfarið flýgur í fyrsta skipti.
1929 Landakotskirkja í Reykjavík er vígð.
1939 Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur. Þetta eru fyrstu kafbátarnir sem koma til Íslands.
1992 Bandaríska leikkonan **Selena Gomez** fæðist.
2003 Uday og Qusay Hussein, synir Saddams Hussein, eru felldir eftir umsátur í Írak.

2011 **Eden í Hveragerði** brennur til kaldra kola í stórbruna.
2013 Georg prins af Cambridge fæðist á þessum degi.

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýju við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Steindórssonar

Ljósheimum 16a, Reykjavík.

Katrín Sigurðardóttir Sonnentag **Þorsteinn Jóhannsson**
Páll Sigurðsson **Wieslawa Paszek**
Kristín, Páll og Pétur
Antoni og Tymon
Þorsteinn Örn

†

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Birna Lárusdóttir

Hveralind 2,

lést á Hjartadeild Landspítalans mánudaginn 18. júlí, í faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 27. júlí klukkan 13. Athöfninni verður streymt á www.lindakirkja.is/utfarir. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjartadeildar Landspítalans fyrir einstaka alúð í veikindum hennar.

Bjarni Lárus Harðarson **Nína Vilborg Hauksdóttir**
Kristján Þór Harðarson **Geirlaug B. Geirlaugsdóttir**
barnabörn og barnabarnabarn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Algjör draumur fyrir ungan tónlistarmann

María Emilía Garðarsdóttir fiðluleikari var ein af örfáum sem fengu aðild að nýstofnaðri akademíu Fílharmóníusveitar Kaupmannahafnar.

arnartomas@frettabladid.is

Lumbye-akademían er glæný stofnun á vegum Fílharmóníusveitar Kaupmannahafnar þar sem lagt er upp með að styðja við bakið á efnilegu tónlistarfólki víðs vegar um Evrópu og undirbúa það fyrir þær síbreytilegu kröfur sem fylgja því að vera í sinfóníuhljómsveit. María Emilía Garðarsdóttir fiðluleikari var ein þeirra sem sóttu um þegar akademían auglýsti eftir umsóknum og tryggði sér eitt örfárra sæta sem í boði voru.

„Ég veit ekki hversu margir sóttu um, en það var þrjátíu og einn fiðluleikari sem fékk að koma í prufu fyrir þau fjögur pláss sem í boði voru," segir María Emilía, sem lýsir prufuspili sem sérstakri reynslu. „Það spila allir það sama og maður þarf að spila allt fullkomlega án þess að virðast vera varkár, því maður verður að skapa tónlistarlega upplifun á örfáum sekúndum fyrir dómnefndina til að standa upp úr fjöldanum."

> **Þetta er alveg týpískt eitthvað sem mig myndi dreyma um í svefni og vakna svo ótrúlega vonsvikin og fúl.**

Draumi líkast

María Emilía segir það algjöran draum fyrir ungan tónlistarmann að fá inni í akademíunni.

„Að komast þangað inn þýðir að ég hef stöðugt starf í hljómsveit næstu tvö árin þar sem ég mun hafa mikið af forsendum til þess að verða betri í mínu fagi," segir hún og bendir á að eitt af markmiðum akademíunnar sé að meðlimir fái sæti í fremstu sinfóníuhljómsveitum heimsins þegar tveggja ára samningnum lýkur. „Mér finnst það ennþá svo óraunverulegt að hafa unnið starf í hljómsveitinni næstu tvö árin, því þetta er alveg týpískt eitthvað sem mig myndi dreyma um í svefni og vakna svo ótrúlega vonsvikin og fúl."

Blíðviðri og skosk hálandanaut

Aðspurð segist María Emilía í rauninni alltaf hafa spilað á fiðlu. Hún hóf nám í Suzuki-deild Tónskóla Sigursveins þriggja ára og var þar trygg og trú þar til hún útskrifaðist þaðan með Auði Hafsteinsdóttur sem aðalkennara.

„Þá var förinni heitið til Kaupmannahafnar í Konunglega danska tónlistarkonservatoríið þar sem ég kláraði bakkalárgráðu 2021, en ég er þar enn í námi og á eitt ár eftir af meistaranáminu mínu, þar sem ég hef Frederik Øland úr Danska strengjakvartettinum, og Elisabeth Zeuthen Schneider sem leiðbeinendur."

Og lífið í Danmörku er ansi gott.

„Veðrið er gott og maður getur hjólað allt sem maður fer. Ég hef ekki mikið rúm fyrir önnur áhugamál utan tónlistarinnar, en þar sem það tekur mikið á að vera að fara í mikið af keppnum og prufuspilum reyni ég að vera mikið í náttúrunni því það hjálpar mér mikið með streituna sem fylgir þessu. Það er til dæmis stór villtur garður beint við hliðina á heimilinu mínu í Kaupmannahöfn þar sem skosk hálandanaut ganga laus, og það er einmitt uppáhaldsstaðurinn minn til að vera og svara tölvupóstum og svoleiðis." ■

María Emilía hóf tónlistarnám sitt aðeins þriggja ára gömul. MYND/ATLI ARNARSSON

Strauss norðursins

Hans Christian Lumbye fæddist í Kaupmannahöfn 2. maí 1810. Hann stundaði tónlist frá unga aldri og fékk stöðu sem hornleikari í sinfóníuhljómsveit aðeins fjórtán ára gamall.

Þegar Tívolíið í Kaupmannahöfn var opnað 1843 var Lumbye gerður að stjórnanda Tívolísveitarinnar, sem síðar varð að Fílharmóníusveit Kaupmannahafnar. Hann samdi um 700 verk fyrir sveitina á næstu þrjátíu árum, einna helst polka og valsa.

Lumbye var ástsælt skáld, þekktur fyrir aðgengileg tónverk sín þar sem hljóð sem ekki eru framkölluð úr hljóðfærum voru notuð í mörgum þeirra, til dæmis hvellur úr kampavínsflösku í einu þekktasta verki hans, Kampavínsgalloppinu.

Lumbye var undir miklum áhrifum frá austurríska tónskáldinu Johan Strauss eldri og fékk því viðurnefnið „Strauss norðursins". Lumbye var hins vegar í svo miklum metum hjá Dönum að þeir tóku upp á því að kalla Johan Strauss yngri „Lumbye suðursins".

ÞJÓÐHÁTÍÐARUPPHITUN
Í TUBORG TJALDINU

LAUGARDAGUR 23. JÚLÍ

SVÆÐIÐ OPNAR KL 17

SZK

DJ LIL CURLY

HÁSKI

SÉRA BJÖSSI

KLARA ELÍASAR

HJARTA HAFNAR-FJARÐAR

ÚTISVÆÐI

FIMMTUDAGUR 21. JÚLÍ

SVÆÐIÐ OPNAR KL 18

Júlla diskó

FÖSTUDAGUR 22. JÚLÍ

SVÆÐIÐ OPNAR KL 18

FRÍTT INN
ALLA DAGANNA

20 ÁRA
ALDURSTAKMARK

Bjórkort á frábæru verði
Stórskemmtilegt útisvæði með tjöldum, borðum og bekkjum
Opið allar helgar til kl 23

nánar á bæjarbío.is og facebooksíðu Bæjarbíó

tix · HAFNARFJÖRÐUR · prime UMBOÐSSKRIFSTOFA · TUBORG

Ný uppskera frá Kaliforníu

1.198

kr./kg

Rauð vínber

Ber með þér í sumar



BÓNUS

Verð gildir til og með 24. júlí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

3.998
kr./kg

Frosið lambafillet

498
kr./kg

Frosin lambasvið

298
kr./pk.

Iceman ísmolar
2 kg

Ódýrstu kjúklinga-bringurnar í Bónus

1.498
kr./pk.

Frosnar kjúklingabringur
900 g
Danmörk

459
kr./pk.

Boson sjálfspróf

398
kr./pk.

Bónus kringlur
Nýbakaðar
4 stk.

279
kr./pk.

Caramel
8 stk.

12 stk.

98
kr./stk.

Fanta lemon
330 ml

798
kr./pk.

Kók og kók zero
6x500 ml

998
kr./pk.

Toppur
500 ml
Tvær tegundir

Þú sækir

398
kr./stk.

Roncadin
ítalskar pítsur
350-380 g

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Kaupmaðurinn á horninu (e) Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
19.30 Hafnir Íslands (e) Heimildaþættir um hafnir Íslands og samfélög hafnarbyggða, þættirnir eru frá 2017 og voru í umsjón Lindu Blöndal og Friðþjófs Helgasonar.
20.00 Bíóbærinn úrval Úrval úr þáttum Bíóbæjarins frá liðnu vori.
20.30 Fréttavaktin (e) Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
21.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)

RÚV Sjónvarp

10.00 HM í frjálsíþróttum Upptaka frá HM í frjálsíþróttum.
13.00 Heimaleikfimi
13.10 Sumarlandabrot
13.15 Útsvar 2012-2013 Akranes - Fljótsdalshérað.
14.20 Hrefna Sætran grillar Eftirréttir.
14.45 Einmana á miðjum aldri
15.15 91 á stöðinni
15.35 Pöndurnar koma - Kafloðnir diplómatar
16.25 Stiklur Falin fegurð.
16.55 Tónstofan Þorsteinn Hannesson.
17.30 KrakkaRÚV
17.31 Ósagða sagan
17.59 Maturinn minn
18.10 Lúkas í mörgum myndum
18.18 KrakkaRÚV
18.20 Sumarlandabrot
18.30 Fréttayfirlit Fréttir
18.35 EM stofan Upphitun á leik
18.50 Svíþjóð - Belgía Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum á EM kvenna í fótbolta.
20.50 EM stofan Uppgjör á leik.
21.00 Fréttir
21.25 Íþróttir
21.30 Veður
21.40 Mannasiðir Íslensk mynd um menntaskólanema sem er ákærður fyrir að nauðga skólasystur sinni. Hann neitar sök en á sér ekki viðreisnar von innan veggja skólans.
23.00 Shakespeare og Hathaway. Shakespeare and Hathaway: Private Investigators
00.00 HM í frjálsíþróttum Bein útsending frá í Oregon í Bandaríkjunum.
03.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.00 Bachelor in Paradise
16.30 Spin City
16.55 The King of Queens
17.15 Everybody Loves Raymond
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 The Unicorn
19.40 Black-ish
20.10 The Bachelorette
21.40 The Golden Child Í Tíbet býr gullna barnið með dulræna hæfileika. Hópur af þorpurum brýst inn í musterið, drepur munkana og nemur drenginn á brott.
23.15 Love Island (40.58)
00.00 Love Island (41.58)
00.45 Naked Gun 33⅓. The Final Insult Frank Drebin neyðist til að koma aftur til vinnu, en hann var hættur að vinna og sestur í helgan stein. Hann er sendur í fangelsi og þykist vera einn fanganna, en tilgangurinn er að finna út úr hvað hryðjuverkamaðurinn Rocco hyggst gera þegar hann sleppur úr fangelsinu.
02.10 Broken City Myndin segir frá borgarstjóra New York-borgar, Nicholas Hostetler, sem biður fyrrverandi lögreglumanninn Billy Taggart um að fylgjast með eiginkonu sinni
03.55 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Líf dafnar
10.05 Supernanny US
10.45 Hvar er best að búa?
11.30 10 Years Younger in 10 Days
12.15 30 Rock
12.35 Nágrannar
12.55 Bump
13.20 Blokk 925
13.50 First Dates Hotel
14.35 The Dog House
15.20 In Search of Greatness
16.40 Jón Arnór
17.25 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.45 Sportpakkinn
18.45 Britain's Got Talent
20.45 Archenemy
22.15 The Help
00.35 He Got Game
02.45 Sorry for Your Loss
03.15 The Mentalist
03.55 Supernanny US

Farið yfir fréttir vikunnar á Fréttavaktinni

Fréttavaktin á Hringbraut hefur unnið sér hefð í sjónvörpum landsmanna frá því hún fór fyrst í loftið um miðjan mars á síðasta ári, en hún er í opinni dagskrá alla virka daga klukkan 18.30. Í kvöld eins og jafnan á föstudagskvöldum fara umsjónarmenn þáttarins yfir helstu fréttamál vikunnar og þar verður engin breyting á að þessu sinni þegar álitsgjafarnir mæta í myndverið. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 binda
5 beita
6 íþróttafélag
8 höndla
10 sem
11 orðbragð
12 kk. nafn
13 borgun
15 auðveldur
17 ok

LÓÐRÉTT
1 fugl
2 leysir
3 fley
4 veiðir
7 óáran
9 sauma
12 hnoð
14 viðbót
16 vafi

LÁRÉTT: 1 hetta, 5 áta, 6 fh, 8 versla, 10 er, 11 tal, 12 karl, 13 laun, 15 auðger, 17 klafi.
LÓÐRÉTT: 1 hávella, 2 eter, 3 far, 4 aflar, 7 hallæri, 9 stanga, 12 kuðl, 14 auk, 16 ef.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Botvinnik átti leik gegn Stolberg í Moskvu árið 1940.

1...Hxh3+! 2. gxh3 d4 0-1. Hvítur á enga vörn gegn **3...Dd5+.** Norðurlandamótinu í skák lýkur um helgina í Finnlandi. Héðinn Steingrímsson tekur þátt fyrir Íslands hönd.

www.skak.is: Héðinn á NM í skák.

Sudoku

	2		1	5			6	
	6		2				9	
					8			5
		1			4	8		3
			3		5	9		
9		2						
6		3	9	1	7	5		
1						6	7	
	9					3		

	2				5			8
			6			9		
	5	9			8	1	2	
		2				7	6	
		4		6			3	
			5	3				1
					1			7
9	3							
2			9			8		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Við fæðumst öll með sjálfsagðan tilverurétt

Bjarni Snæbjörnsson leikari hefur slegið í gegn í sýningunni Góðan daginn faggi, sem sýnd hefur verið yfir fjörutíu sinnum í Þjóðleikhúsinu. Í vetur verður sýningin sýnd í grunn- og framhaldsskólum víðs vegar um landið. Bjarni ræðir sýninguna, tildrög hennar, réttindi hinsegin fólks, Hinsegin daga, óráreiti og bleikþvott í einlægu viðtali við Helgarblað Fréttablaðsins.

Óhefðbundið nám í Lýðskólanum á Flateyri

Nemendur við Lýðskólann á Flateyri segja skólavistina hafa breytt lífi sínu og mæla með skólanum fyrir alla. Skólinn var stofnaður árið 2017 og á síðasta ári hlaut hann viðurkenningu sem lýðskóli frá Menntamálastofnun. Í skólanum gefst nemendum kostur á námi sem ólíkt er hefðbundnu framhaldsskólanámi og mikil tenging myndast þeirra á milli þar sem nemendur búa saman, þrífa saman og elda saman meðan á dvölinni í skólanum stendur.

ÚTSALA

% ENN MEIRI AFSLÁTTUR %

SPARIÐ ALLT AÐ 70%

Sparið 2000

FULLT VERÐ: ~~14.990~~
12.990

SVARTSKOG TJALD Gott 4ja manna tjald með polyester í ytra byrði og innra byrði. Þéttur vatnsheldur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm2. Stærð: B240 x H130 x L310 cm. Þyngd: 3,6 kg. Vnr. 4704210

33% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~14.990~~
9.995

EIDSKOG SVEFNPOKI
Gæða dúnpoki. 80x215 cm. 1.650 g. Poki fylgir með. Vnr. 4703050

SESSA FYLGIR

40% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~49.990~~
29.990

STORD STÓLL
Stóll úr áli og veðurþolnu polyrattanefni. Stiglaus stilling á baki og fótskemli. B45 x L45 x H40 cm. Fæst í natur og svörtu. Vnr. 3791700, 3700018

33% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~5.995~~
3.995

HALDBJERG STÓLL
Staflanlegur stóll úr stáli og veðurþolnu polyrattanefni. Vnr. 3700116

24 lítra rafmagnskælibox ~~9.995~~ nú **7.995**
24 lítra kælibox **2.995**

Rafmagnskælibox

VERÐ FRÁ:
2.995

KÆLIBOX
Hægt að stinga rafmagnskæliboxi í samband við 12V í bílnum. Vnr. Y20290070, Y20100230

Útdraganlegur

STÆRÐIR:
140x300 ~~14.990~~ nú **9.995**
160x300 ~~18.990~~ nú **12.990**

Sparið allt að 6000

NÚ VERÐ FRÁ:
9.995

PEJELT SKJÓLVEGGUR
100% polyester. Grár. Útdraganlegur. Vnr. 3798770

Sparið **40.000** af setti

44% afsláttur

SESSUR FYLGJA

JUTLANDIA®

ALLT SETTIÐ

FULLT VERÐ: ~~89.990~~
49.990

MORA GARÐHÚSGAGNASETT
Sett úr stáli og veðurþolnu polyrattanefni. Fæst í tveimur litum. Borð með sérhertu gleri, 2ja sæta sófi og 2 stólar. Slitsterkar sessur og samlitir púðar fylgja. Borð B56 x L92 x H43 cm. Sófi B124 x H76 x D67 cm. Stóll B66 x H76 x D67 cm. Sófi + borð + 2 stólar + sessur. Vnr. 3700022

Mikið úrval af sólbekkjum
Nú enn meiri afsláttur!

Allir sólbekkir **30-60%** afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:
5.995

Sparið **100.000** af setti

38% afsláttur

SESSUR FYLGJA

JUTLANDIA®

ALLT SETTIÐ

FULLT VERÐ: ~~259.990~~
159.990

VEMB GARÐHÚSGAGNASETT
Sett úr áli og veðurþolnu polyrattanefni. Fáanlegt í natur og gráu. Flott borð með stillanlegri hæð. B75 x L134 x H44/68 cm. Borðið er með viðhaldsfrírri borðplötu úr viðarlíki. Sófi + borð + 2 stólar + sessur.Vnr. 3770020, 3770030

Allir blómapottar **50-70%** afsláttur

RÚMFATA LAGERINN

Lykilspurningin

Ekin-Su og Davide eru afar vinsæl.

Peningurinn á Ekin-Su og Davide

Hvernig líst þér á seinni hluta Love Island?

Hafrún Elísa Sigurðardóttir
aðdáandi

Love Island serían í ár er mjög góð og spennandi. Ástin er heldur betur í villunni en við erum að sjá, því miður, mikið af eitraðri ást og svikum. Það er mikið af drama í hverjum þætti en það gerir þættina svona góða. Þessi sería er góð forvörn fyrir ungt fólk um hvernig á ekki að koma fram við makann sinn. Minn peningur fer á sjóðandi heita parið Ekin-Su og Davide. ■

Sérfræðingurinn

Gæsin gæti verpt öðru gulleggi

Samúel Karl Ólafsson
blaðamaður

HBO er brátt að fara að gefa út forframhald af Game of Thrones. Ný stikla kom út á dögunum og Samúel Karl, blaðamaður á Vísi og aðdáandi, er hrifinn.

„Þessi stikla úr House of the Dragon þykir mér mjög efnileg og sýnir að HBO virðist ætla að halda sama framleiðslugildi og í Game of Thrones. Það virðist við fyrstu sýn ekkert minni metnaður í þessum þáttum en var í Game of Thrones, við framleiðsluna alla vega.

Þættirnir fjalla um mjög áhugavert tímabil Westeros í söguheimi George R.R. Martin og sömuleiðis sjónrænu, en þessi átök um hásætið fræga kallast Drekadans. Drekar munu berjast, og bræður líka. Þetta verður í það minnsta mikið sjónarspil en ég bind miklar vonir við þessa þætti. Það er þó að mínu mati nokkuð hæpið að HBO takist að fanga heimsbyggðina með House of the Dragon eins Game of Thrones þættirnir gerðu, en forsvarsmenn fyrirtækisins vilja auðvitað reyna á það hvort gæsin geti verpt öðru gulleggi, ef svo má segja.

Auk þessara þátta eru nokkrar aðrar seríur úr söguheiminum í vinnslu. Má þar nefna sögu prinsessunnar Nymeríu, sem stofnaði House Martell og Dorne, og mögulega seríu um líf Jon Snow eftir atburði Game of Thrones. Þá er einnig unnið að seríu um ævintýri Corlys Velaryon, sjávarsnáksins svokallaða, sem er einnig mikilvæg persóna í House of the Dragon.“ ■

Veggjakast Netflix farið að draga dilk á eftir sér

Netflix hefur misst milljón áskrifendur til viðbótar síðustu mánuði. Hafsteinn Sæmundsson, hlaðvarpsþáttastjórnandi og kvikmyndaáhugamaður, segist hafa sínar kenningar um það hvers vegna.

odduraevar@frettabladid.is

Milljón áskrifendur hafa kvatt Netflix-streymisveituna frá því í apríl síðastliðnum. Streymisveitan er þó enn sem komið er sú langstærsta í heimi, með um 220 milljónir áskrifenda. Stjórnendur Netflix óttuðust í upphafi ársins að tvöfalt fleiri áskrifendur myndu kveðja veituna.

„Ef það var eitthvað eitt, þá var það Stranger Things,“ segir Reed Hastings, forstjóri Netflix, spurður út í það hvað hafi hægt á flótta áskrifenda.

„Ég hef ekki einu sinni horft á seríuna,“ segir Hafsteinn hlæjandi, spurður um það hvort Stranger Things 4 hafi reynst haldreipi Netflix-manna í sívaxandi streymisveitustríði gegn veitum eins og Disney+, Amazon Prime og HBO Max.

Allt annað landslag

„Ég kláraði fyrstu seríuna og fannst seinni seríurnar alltaf hljóma eins og algjör þvæla. Þannig að ef þú nærð mér ekki með fyrstu seríunni þá nenni ég ekki meir. Við getum orðað það þannig að það er svo mikið af góðu sjónvarpsefni og maður þarf að vera gripinn strax.“

Spurður að því hvaða streymisveitu hann noti mest segir Hafsteinn að þetta sé flókin spurning. „Prime finnst mér góð. Hún kostar líka svo lítið og ég elska gömlu hryllingsmyndirnar þar, en svo er líka Apple að gera alveg geggjaða hluti,“ segir Hafsteinn, sem segist skilja vel að Netflix tapi nú áskrifendum í hrönnum.

„Ég hef fylgst mjög mikið með þessu og það sem Netflix þarf að tækla í dag er eitthvað sem ekki þurfti að tækla fyrir fimm árum. Það er samkeppnin. Það sem þeir gerðu líka, og mér finnst ekki sniðugt, er að þeir hækka verð og bjóða svo upp á slakt efni. Gæðin á Netflix eru ekki nógu mikil, þeir hafa einbeitt sér of mikið að fjölda frekar en gæðum,“ segir Hafsteinn.

„Þeir hafa verið að dúndra út efni, jafnvel með geggjuðum leikurum, sem er samt drasl. Svo gera þeir myndir eins og Irishman, sem ekkert stúdíó var tilbúið að gera út af kostnaði, en þeir gera þetta bara samt og hækka verðið hjá sér. Þetta fer öfugt ofan í fólk sem svarar þá bara með því að hætta við áskriftina og fara annað.“

Hafsteinn segir að ástæðan sé tvíþætt. „Það er samkeppnin. Það er svo mikið í boði. Seinni ástæðan er draslið. Hættið að gera drasl. Netflix gerir kvikmyndir, þeir gera sjónvarpsþætti, þeir gera uppistönd, þeir gera heimildarþætti, þeir gera anime-teiknimyndaþætti og svo eru þeir að fara að dýfa tánum út í tölvuleikjaframleiðslu.“



> Netflix hendir öllu í vegginn og sér svo hvað festist. Þú getur ekki rekið fyrirtæki þannig.

Hafsteinn Sæmundsson

Hafsteinn segir að það færi Netflix betur að reyna að skapa sér einhvers konar sérstöðu. „Ekki reyna að gera allt í einu.“

Fólk þreytt

Þá bendir Hafsteinn á að það hjálpi Netflix ekki hve miklar tafir hafi orðið á eftiráframleiðslu og gerð tæknibrellna, meðal annars vegna Covid-heimsfaraldursins. „Stranger Things á svo að vera flaggskip, en ég hefði haldið að það væri alls ekki nóg að vera bara með eina svona stóra seríu,“ segir Hafsteinn.

„Síðan er annað sem er nauðsynlegt að sé hluti af þessu samtali. Fólk er komið með nóg af því að vera að eyða tíma sínum í að horfa á seríu, sem Netflix ákveður svo skyndilega að hætta að framleiða. Netflix er alræmt fyrir þetta,“ segir Hafsteinn.

„Þeir eru farnir að hætta miskunnarlaust við seríur, þar sem eru jafnvel komnar tvær eða þrjár seríur og þá verður fólk eðli málsins samkvæmt bara pirrað,“ útskýrir Hafsteinn, en sem dæmi má nefna Mindhunter, seríu úr smiðju Netflix um FBI-lögreglumenn, sem Netflix hætti við að tveimur seríum loknum. „Netflix hendir öllu í vegginn og sér svo hvað festist. Þú getur ekki rekið fyrirtæki þannig.“ ■

Lykilspurningin

Slær í gegn þvert yfir línuna

Hvernig fannst þér Stranger Things 4?

Eddie gleður

Tómas Geir Howser Harðarson
leikari

„Ég varð að horfa á fyrstu þættina alla í bútum af því ég var á fullu við að setja upp leikrit í London. Ég og kærastan höfum svo horft á þetta saman en höfum ekki enn náð að horfa á lokaþáttinn, sem er enda ekkert eðlilega langur,“ segir Tómas Geir, sem segist samt hafa sloppið við spilla á netinu.

„Ég er mikill aðdáandi og mér finnst nýja serían á öðrum fleti en hinar og fannst þeir ná að toppa sig. Ég gleymi alltaf seríunum eftir að þær klárast og var ekkert að missa mig úr spenningi en var mjög sáttur, þeir tóku sér greinilega góðan tíma í þetta.

Þetta er með betra sjónvarpsefni sem ég hef séð í langan tíma. Skemmtanagildið er algjört og það var góð ákvörðun hjá þeim að lengja þættina og gera þá myrkari en nokkurn tímann fyrr, enda krakkarnir elst sjálfir samhliða þáttunum. Þarna var mikill Nightmare on Elm Street fílingur og frábærir nýir karakterar, eins og til dæmis Eddie.“

Tónlistarvalið sér kapítuli

Erla Hlynsdóttir
blaðamaður

„Stranger Things eru í miklu uppáhaldi á þessu heimili og hefur dóttir mín til að mynda verið Eleven á öskudaginn. Biðin eftir fjórðu seríu, sem frestaðist endurtekið út af Covid, var algjörlega þess virði. Það var ekki síst nostalgían í fyrstu seríunni sem náði mér.

Þessi er mun drungalegri og ég fullyrði að þetta sé sú besta síðan við fyrst kynntumst íbúum Hawkins og leyndarmálum bæjarins. Við erum eiginlega ekki að spila lengur í sömu deild og þegar þættirnir byrjuðu, ekki síst hvað fjármagn varðar í þáttagerðina. Ég hef síðan verið að missa mig yfir hvað leikarinn Jamie Campbell Bower er algjörlega geggjaður í hlutverki sínu. Tónlistarvalið er síðan sér kapítuli en í þessari seríu fáum við ekki bara Metallica heldur er lag Kate Bush í einhverju eftirminnilegasta atriði seinni tíma í sjónvarpi. Nú þarf ég bara að halda niðri í mér andanum þar til lokaserían kemur.“

Fór fram úr væntingum

Tómas Gauti Jóhannsson
handritshöfundur

„Nýja serían fór gjörsamlega fram úr mínum væntingum. Þau ná að jarðtengja spennuna og hryllingsandrúmsloftið miklu meira. Ég var aldrei beint hræddur við skrímslin í hinum seríunum en í þessari þá var púlsinn hraður og spennustigið fullkomið.

> Ég var aldrei beint hræddur við skrímslin í hinum seríunum en í þessari þá var púlsinn hár.
>
> Tómas Gauti Jóhannsson

Þessi sería er ekki bara solid nostalgíu poppkúltúr rúnk. Hún var svo miklu meira og klárlega besta hingað til. Ég vona innilega við séum ekki á leiðinni í einhverja hasar endakall seríu. Finnst þættirnir njóta sín mest í dulúð og hægri uppbyggingu.“ ■

Kreativ Dental Ísland

25 ára reynsla

Rúmlega 4000 íslendingar hafa notið þjónustu okkar frá árinu 2016

Nýtt bros - Nýtt líf

Nokkrar af fjölmörgum umsögnum af samfélagsmiðlum tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest

„Ástandsskoðun. Fyrsta árs skoðun.
Ég er búin að fara í tannmyndatöku hjá Tannlæknadeildinni í Háskóla Íslands. 3 nemar fóru yfir ástandið þar á meðal erlendur tannlæknir sem er á endurmatsnámskeiði hér og leist mjög vel á verkið og tók fram hvað tennurnar væru fallegar.
Síðan fór lektor yfir ástandið á tönnunum og skoðunina hjá nemunum.
Mér hefur alltaf fundist einn plantinn laus og hef farið til tannlæknis til að láta athuga það en hann er alveg fastur, bara bil á milli tannana. (Mín hræðsla)
Ég verð að segja ykkur að lektorinn var mjög ánægður með ástandið á tönnunum, gerðina og efnið sem ég hafði valið, handverkið væri til fyrirmyndar og liturinn passaði vel. Talaði um að flögurnar sem halda gómnum uppi væru í góðu ástandi og ég þyrfti að passa upp á þær því þær væru svo fínlegar. Hann spurði hvar ég hefði fengið þetta fína verk og vildi gjarnan fá að fylgjast með hvað þær entust lengi.
Ég fór náttúrulega í sælu út frá þeim.
Langaði til að láta ykkur vita af þessari frábæru umsögn.
Mig langar til að fresta ferð út þangað til á næsta ári svo ég sendi myndirnar til Gríms og tannlæknirinn minn úti fór yfir þær og þau segja að þetta gildi fullkomlega sem ábyrgðarskoðun þetta árið."

„Hvað skal segja þegar varla eru til lýsingarorð til að lýsa þjónustu framkomu og öllu sem varðar þessa stofu Er hæst ánægð með allt Fyrir utan það að vera yfir mig ástfangin af Bútapest."

„Fór í febrúar og fékk krónur og brýr. Ég er mjög ánægður með Grím umboðsmann okkar og einnig frábærir Hjalti og Atli sem veittu mér mikinn stuðning í ferli mínu. Frábærir fagmenn hjá Kreativ Dental og þjónustan til mikillar fyrirmyndar. Eina sem ég þurfti að gera sjálfur var að panta flugmiða og mæta í flug. Annað sá Grímur um að skipuleggja fyrir mig, fyrsta tíma-bókun hjá tannlækni, allar ferðir og pöntun á hóteli. Verð mjög hagstæð fyrir kúnnann. Ábyrgðir fylgja og verð stóðust frá tilboðsgerð til loka vinnu.
Ég fékk flotta vinnu við mínar tennur og gæti ekki verið ánægðari með tannlækni. Mæli með Kreativ Dental."

„Ein af mínum uppáhaldsstundum lífsins, að standa upp úr stólnum hjá þeim og brosa framan í heiminn."

„Takk fyrir góða þjónustu. Flott þjónusta og miklir fagmenn."

„Frábært. Elska að fara þarna alltaf verið hrædd við tannlækna e ekki þarna."

„Komin á staðinn upplifði ég algjört öryggi. Þar var tekið vel á móti manni frá fyrstu stundu. Frábært hótel með úsýni yfir Dóná fljótið. Var skutlað til og frá og allir i öryggisbúnaði hjá tannlæknunum. Ég hef aldrei hitt jafn færa tann-lækna eins og á Kreativ Dental. Það tekur enga stund, þú finnur varla til og samt er þetta allt mjög vel og vandlega gert. Ég er rosalega ánægd með allt sem fyrir mig var gert og mæli með Kreativ Dental hundrað prósent!"

„Það er hugsað fyrir öllu maður sóttur à flugvöllinn, keyrður à hótelið og skutlað à tannlæknastofuna. Hlýlegar og notalegar tannlæknastofur, fagfólk hvert sem litið er sem vill allt fyrir mann gera, fékk fràbæra þjónustu og toppurinn að hafa íslenska eðalpilta til aðstoðar. Kærar þakkir fyrir mig."

„Við hjónin höfum nú lokið tannmeðferð hjá Kreativ Dental og erum hæst ánægð.
Viðmót starfsfólks og þjónusta við okkur var til fyrirmyndar. Ekki þótti okkur heldur slæmt að greiða sanngjarnt verð fyrir meðferðina og fá þar að auki 5 ára ábyrgðarskírteini þar sem Kreativ Dental ábyrgist krónur og brúargerð „sjúklinga" sinna. Takk fyrir okkur!"

„Fagmennskan í fyrirrúmi.
Undirritaður þurfti í síðasta mánuði að nýta sér þjónustu Kreativ Dental Klinik í Búdapest. Eftir að hafa notið sérfræðinganna hjá Kreativ Dental er mér efst í huga þakklæti til þeirra sem að mínum málum komu. Það er ekki að ástæðu-lausu að Kreativ Dental hefur marg oft hlotið viðurkenningu sem besta tannlæknastofa á evrópska efnahagssvæðinu og víðar.
Fagmennska og hlýlegt viðmót allra þeirra sem starfa þarna er gefin hæsta einkunn. Ég get ekki lokið þessum skrifum án þess að þakka þeim Grími Axelssyni og Attila Korsos (Atla) fyrir þeirra aðstoð sem þeir veittu mér er ég varð fyrir því óhappi að þurfa að leggjast inn á spítala í Búdapest. Aðstoð þeirra beggja verður seint endurgoldin en sýnir hvað það er mikilvægt að hafa góða menn og öfluga tannlæknastofu til staðar ef eitthvað kemur fyrir í þessum tannlæknaferðum til Búdapest."

„Ég og maðurinn minn höfum lokið meðferð hjá Kreativ Dental að mestu og erum mjög sátt. Fengum plan og verðtilboð sem stóðst að mestu fyrir utan smá sem hægt var að sleppa og annað sem bættist við eins og búast mátti við.
Við upplifðum mikla fagmennsku og erum ánægð með tannlæknin, hina sér-fræðingana sem komu að okkar meðferð, þjónustufólkið og íslensku tengiliðina.
Skiljum núna af hverju þessi stofa hefur fengið viðurkenningar á heimsvísu á sínu sviði ítrekað."

„Öll framganga ykkar og viðmót er til mikillar prýði og mun ég ekki líta á aðrar leiðir til að laga mínar tennur. Enn og aftur kærar þakkir, bið að heilsa öllum."

„Mjög miklir fagmenn. Mæli sannarlega með Kreativ Dental!
Grímur sá um að bóka herbergi á samstarfshóteli Kreativ Dental, mjög gott hótel með útsýni yfir Dóná. Var sótt og ekið á flugvöllinn að kostnaðarlausu sem er náttúrulega frábær þjónusta. Einnig eru fríar ferðir á milli hótels og tannlæknastofu. Frábærir tannlæknar sem starfa í notalegu umhverfi.
Ég hef alltaf verið stressuð/kvíðin að fara til tannlæknis en það hvarf bara alveg þegar ég kom þarna inn. Biðstofan var búin hægindastólum og fiskabúri. Engin borhljóð eða truflun þar. Viðmót starfsmanna var hlýlegt og notaleg nærvera allra á stofunni fékk manni til að líða vel. Grímur og Attila voru boðnir og búnir að aðstoða við allt sem maður óskaði sér. Takk fyrir mig."

„Við hjónin fórum í apríl í fyrsta skipti og svo aftur í ágúst til að klára. Frábærir tannlæknar og starfsfólk.
Allt stóðst fullkomlega. Grímur og Atli voru alltaf til staðar til að aðstoða okkur. Mæli 100% með Kreativ Dental.

Takk kærlega fyrir okkur."

„Takk fyrir mig. Móttökur og allt utanumhald við fólk þarna er frábært. Og hafa fólk sem talar okkar mál er bara æðis-legt þannig að það verður allt miklu auðveldara að koma þarna."

„Hvar á ég að byrja...

Fagleg og persónuleg þjónusta alla leið og það að hafa íslenskan umboðsmann auðveldar öll samskipti.
Tannlæknateymi sem hefur mikla reynslu af umfangsmiklum og flóknum tannviðgerðum.
Fullkomið tannsmíðaverkstæði á staðnum búið nýjustu tækni frá Þýskalandi og Japan.
Víðtækasta ábyrgð sem í boði er frá Austur-Evrópskum tannlæknastofum og toppar líka þær íslensku.
Allt þetta á verði sem er 50-70% lægra en á Íslandi.
Aukabónusinn er að fá í leiðinni að kynnast Búdapest einni fegurstu borg Evrópu."

„Ég verð nú að segja að ég hefði ekki að óreyndu trúað því að það væri hægt að skipuleggja tannlækningaferðir með svona nákvæmni og góðu kostnaðarplani. Öll þjónusta er í efsta gæðaflokki og gott að geta fengið aðstoð hjá Grími Axelssyni til að fá skýringar og leiðbeiningar á íslensku um öll mál sem kunna að koma upp á í sambandi við þjónustuna hvort sem er út af tannlækningunum, breytingum á hóteli eða flugi ef vill. Það ánægjulega við þetta allt er að þú getur fengið nákvæma ástands-lýsingu og aðgerðaráætlun eftir fyrstu skoðun fyrir utan það að það er hægt að sjá hver kostnaðurinn er í byrjun, því það er fastur verðlisti sem farið er eftir sem liggur fyrir þegar aðgerð er ákveðin. Endilega athugaðu verðlistann sem er á heimasíðu Kreativ Dental og berðu hann saman við verðlistana á
Íslandi. Flott fólk og góð þjónusta þarna.
Takk fyrir mig."

„Vel að öllu staðið. Allir Íslendingar sem ég hitti í þessum erindagerðum voru jafn ánægðir og ég."

„Það er endalaust hægt að hlaða lofi á Kreativ Dental en orð eru máttvana í samanburði við upplifunina við það að koma til þeirra í aðgerð. Fyrir mér var þetta eins og ég væri kominn langt inn í framtíðina, öll nýjustu tæki til staðar á staðnum, umhverfið þegar inn var komið hjá þeim var bæði rólegt og aðlaðandi, sérfræðingar á öllum sviðum tannlækninga á staðnum og viðmót allra starfsmanna óaðfinnanlegt! Það sem síðan vekur furðu manns, eftir að hafa fengið þarna faglega þjónustu sem ég held að ómögulegt sé að toppa, er verðið!!! Núna, fimm mánuðum eftir að hafa komið til þeirra í byrjun maí, brosi ég mínu fallegasta brosi til margra ára en finnst jafnvel að ég hafi ekki borgað fyrir að fullu. Svo hagstætt er verðlagið hjá þeim fyrir okkur Íslendinga. Flugið með WizzAir er einnig mjög ódýrt, sem og hótelin í Búdapest."

Heimasíða: kreativdental.is | Facebook: kreativdentalisland

Tölvupóstur - Upplýsingar - Tímabókanir: grimur@kreativdentalclinic.eu | Sími: (+354) 859 9403 (frá 9-13)

Sumarleikur
Heimsferða og
Fréttablaðsins

Viltu vinna sólarlandaferð?

Skannaðu kóðann
og skráðu þig til leiks

frettabladid.is/
kynningar/sumarleikur

Fullt af glæsilegum vinningum í boði frá

Heimsferðir · ZO·ON ICELAND · ARTASAN · flybus by ICELANDIA · icepharma · A4 · BASE PARKING

Rafdúóið Ultraflex sinnir ýmsum heimilisverkum á sinn einstaka hátt í nýja myndbandinu. MYND/AÐSEND

Milljónir fylgja róandi heimilisverkum Ultraflex

Einstakasta hljómsveit landsins, stöllurnar Special-K og Farao í Ultraflex, hefur gefið út nýtt lag og myndband. Heimilisverk í myndbandinu hafa vakið athygli milljóna á TikTok og stefnir sveitin á að gefa út plötu í haust.

odduraevar@frettabladid.is

Raftvíeykið Ultraflex hefur fyrir löngu stimplað sig inn sem ein frumlegasta hljómsveit landsins. Sveitin hefur nú gefið frá sér nýtt lag, Mi Vuoi, og leggur tónlistarkonan Kuntessa þeim lið að þessu sinni.

Katrín Helga Andrésdóttir, betur þekkt sem Special-K, segir nýja lagið fylgja heimspekinni um að meira sé meira. Tumi Magnússon spilar á saxófón og Kuntessa syngur á ítölsku.

Brauðskurðurinn sló í gegn

Douglas Dare tók upp tónlistarmyndbandið, þar sem sjá má tvíeykið vinna húsverk á þokkafullan hátt. Svipuð myndbönd sveitarinnar á samfélagsmiðlinum TikTok hafa vakið mikla athygli en myndband af þeim þar sem þær skera saman brauð er með milljónir áhorfa.

„Við fengum hugmyndina að því að nýta þetta í tónlistarmyndbandið eftir vinsældirnar á TikTok," segir Katrín Helga spurð að því hvaðan hugmyndin komi. Tæp tvö ár eru síðan myndbandið fór á miðilinn.

> Það virðist virka mjög vel að gera hluti sem eru mjöööög skrítnir og ég held að það henti okkur ágætlega.

„Við vorum aður búnar að ákveða að fá okkur ekki TikTok því okkur fannst við vera of gamlar," segir Katrín hlæjandi en hún segir að hún og Kari Jahnsen, betur þekkt sem Farao, hafi ákveðið að slá til eina nóttina þegar hún var andvaka.

„Svo allt í einu var myndbandið af okkur að skera brauð komið með hundruð þúsunda áhorfa. Þessi miðill er allt öðruvísi en það sem við höfðum verið vanar og miklu ófyrirsjáanlegri," segir Katrín, sem viðurkennir aðspurð að það henti Ultraflex vel.

Katrín fangi

„Það virðist virka mjög vel að gera hluti sem eru mjöööög skrítnir og ég held að það henti okkur ágætlega," segir Katrín og skellir upp úr. Brauðskurðarmyndbandið varð til af frekar mikilli tilviljun.

„Við vorum einhvern tímann búnar að klæða okkur upp fyrir myndatöku og svo var ég bara að skera brauð og maðurinn hennar Kariar tók upp símann og þá kom Kari og vildi vera með í myndbandinu," útskýrir Katrín. Hún hafi ákveðið að vera alvarleg á svip til að hlæja ekki.

„Þannig að allt í einu var þetta farið að líta út eins og ég væri einhvers konar fangi Kariar og komnar margar samsæriskenningar um þetta. Fólk lét mig vita í athugasemdum að ef ég væri fangi ætti ég næst að klæða mig í gult eða blátt," segir Katrín og skellir upp úr.

Önnur plata í haust

Sveitin mun gefa út sína aðra plötu í október og verður Mi Vuoi þar meðal sjö annarra laga. „Við erum einmitt að fara að taka upp myndband við annað lag núna um helgina," segir Katrín, sem segir sveitina stefna á útgáfutónleika hér á landi síðar í vetur. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/ SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Netapótek Lyfjavers
lyfjaver.is
LYFJAVER

Bakþankar

Jóhönnu Vigdísar Guðmundsdóttur

Evrópa brennur

En allt kemur fyrir ekki. Háværar raddir halda því enn fram að vísindalegar rannsóknir á gróðurhúsaáhrifum og hnattrænni hlýnun af mannavöldum séu ekki nægilega sannfærandi. Slíkar fullyrðingar eru stundum studdar þeirri staðreynd að það er snjór úti í garði. Snjór í garði – kuldi – engin hnattræn hlýnun í mínum garði.

Dreifing falskra upplýsinga, sem kallast lygar í daglegu tali, skapar upplýsingaóreiðu og margir vita ekki hverju þeir eiga að trúa. Hvað er rétt og hvað er lygi? Fyrrverandi Bandaríkjaforseti vann sér það, meðal annars, til frægðar að skilgreina lygar sem nýja útgáfu staðreynda, „alternative facts“.

Yfirgnæfandi meirihluta gróðurhúsaáhrifa má rekja til brennslu jarðefnaeldsneytis: kola, hráolíu og jarðgass. Fyrirtæki, og þjóðríki, sem byggja auð sinn á sölu eldsneytis eiga gríðarlega mikið undir þeim viðskiptum. Þau eiga líka fjármagn sem greiðir fyrir falskar vísindarannsóknir – rannsóknir sem eru grunnur lyganna sem loftslagsafneitunarsinnar byggja heimssýn sína á.

Ég efast um að loftslagsafneitunarsinni neiti af hefja krabbameinsmeðferð með þeim rökum að hann sé ekki nægilega sannfærður um að vísindarannsóknir styðji við gagnsemi geisla- og lyfjameðferða. Þá er langsótt að ætla að afneitunarsinninn neiti að keyra yfir brýr eða fljúga, þó hann þekki ekki til hlítar þau lögmál sem burðarþol og aflfræði byggja á. Það græðir enginn á því að dreifa lygum um krabbameinsmeðferðir, flugvélar og brýr.

Vísindarannsóknir hafa fært okkur lífsgæði og velsæld sem tilvera okkar og líf byggja á. Þó það sé stundum snjór úti í garði þá stendur húsið okkar, jörðin okkar, í ljósum logum. Það er staðreynd. ■

EXCLUSIVE TOPPER
Gæsadúnn.
90 x 200 cm. Verð: 30.900 kr. Nú 12.360 kr.
160 x 200 cm. Verð: 56.900 kr. Nú 22.760 kr.
180 x 200 cm. Verð: 60.900 kr. Nú 24.360 kr.

HORSENS
Hægindastóll, rafdrifinn.
Svart leður. Verð: 269.900 kr.
Nú 188.930 kr.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK